

**KEYPTU EINS 7 MILLJÓN
KRÓNA LÚXUSJEPPA**



**KAMPAVÍNSFLÓÐ Í
FORSETAVEISLUNNI**

héraðs

Fimmtudagur 15. desember 2005 – 30. tbl. – 1. árgangur – Verð: 395 krónur

395kr.
blöð í
prjú einu

**HEILAR 12 SÍÐUR UM ÆVINTÝRIÐ
65 MYNDIR – SAGAN ÖLL**

MEÐ EINKA-

LÍFVÖRÐ



**FLOTT
HJÓN!**

STOLT AF STELPUNNI

FYRRVERANDI KÆRASTINN HORFÐI Á KEPPNINA



EINKAVÍÐTAL

**SÁTTUR FYRIR
HENNAR HÖND**

ISSN 1670-598X



L' O R

**12 SINNUM MEIRA UMFANG AUGNHÁRANNA.
TAKMARKALOUS DJÖRFUNG!**

Aishwarya Rai sést hér með Volume Shocking í svörtum lit

É

A


L

PARIS

NÝTT VOLUME SHOCKING

TVÖFALDUR MASKARI SEM EYKUR UMFANG AUGNHÁRANNA

SKREF 1: Grunnur sem undirbýr og mótar augnhárin þannig að útkoman verður enn greinilegri.




SKREF 2: Greiða sem inniheldur maskara auk blöndu sem eykur umfang augnháranna og lengir þau.

4 ára rannsóknir á 16 einstaklingum. Vísindalega sönnuð áhrif. ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ.

L'ORÉAL PARIS

**VERTU MIND...
VERTU DUNDUR!**



hér & nú

3 blöð
í einu



10-13

STJÖRNUFRÉTTIR

6-7 Tvíburar á eins jeppum. Arnar og Bjarki keyptu eins 7 milljón króna Lincoln-jeppa.
9 Dissuðu nýja vinnustaðinn. Logi Bergmann og Svanhildur flýja í faðm gamla félaga. Anna Mjöll í L.A. um jólin.
10-13 Ferðasaga Unnar Birnu. Magga Jónasar frá MAC var í Kína og fylgdist með öllu.
14-15 Silikonbomburnar sem Unnur Birna sigraði. Sjóðheitar myndir frá Kína.

16 Unnur Birna og kjólarnir í Kína. Sjáði flottu kjólana sem hún klæddist í keppninni.

18-19 Unnur Birna og kærastarnir. Viðtal við fyrrverandi og úttekt á eldri kærustum.

20 Vinkonan grét. Emilía í Nylon fór að gráta þegar hún heyrði fréttirnar. Fegursta kona heims borðar Skallahamborgara.

21 Kynntust í Buggy Malone. Klara í Nylon og Unnur Birna eru vinkonur. Unnur Birna fer í sund í Árbæjarlauginni.

22 Stoltur pabbi. Vilhjálmur Skúlason segir fréttir af fegurstu dóttur í heimi.

LÍFSSTÍLL

24 Idolsíðan. Úttekt á keppendunum sem komnir eru áfram. Hverjir munu vinna?

26-27 Innlendir molar og pistill. Eldheitar fréttir af fræga fólkinu á Íslandi.

29 Íslensku Hollywood-stjörnurnar. Hver er hvaða Hollywood-stjarna?

30-31 Snobbveisla forsetahjónanna. Kampavínið flæddi og Sínfónían spilaði undir.

32 Rauði dregillinn: Hvernig klæða kynþokkafullu stjörnurnar í Hollywood sig.

34-35 Leikhúspörin. Hvaða leikhúsfólk er með hvaða leikhúsfólki.

36-37 Nýju pörin í Hollywood geisla af ást. Úttekt á heitustu pörunum.

38-39 Fataskápurinn: Kíkt í fataskápin hjá Ragnheiði Gröndal söngkonu sem kaupir notuð föt.

ALVÖRU FÓLK

42-43 Sungið fyrir Hemma Gunn á jólagleði 365, Geiri á Goldfinger kynnr almanak.

44-45 Frank og farartækin. Frank Höybye veit allt um bíla.

46 Júlíus Júlíusson á Dalvík heldur úti Jólavef Júlía.

48 Jólakaffi. Ragnheiður Gísla-dóttir hjá Kaffitári býður.

50-51 Lesið í lófa. Dóra Takefusa gerir kraftaverk.

52-55 Hjálmar Diego. Missti húsið sitt. Erfitt ár að baki.

56-57 Kristín Le úr Ástarfleyinu. Heimsótti föður sinn í Vietnam.

58-59 Konan á bak við manninn. Jaroslava kynntist Geira í spilaviti.

60 Theodóra hannar föt á hunda. Amma kenndi henni að sauma.

62 Höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð í Mosfellsbæ.

64 Taktu prófið: Stjórna peningarnir sambandinu?

66-67 Leikjaopna: 10 hlutir sem þú vissir ekki um Eddu Björgvinsdóttur og krossgáta vikunnar.


68: Hér & nú-stúlkan: Auður Rán Kristjánsdóttir, 21 árs, hlakkar til jólaanna.



44-45



52-55



56-57



21



22



60-61



58-59

BRÆÐURNIR Á GLA MILLJÓN KRÓNA L



Risaskott Þetta rými ætti að duga fyrir takkaskóna.

**STJÖRNU-
FRÉTTIR**

Arnar og Bjarki
Eru góðir í fótbolta og ríkir. Draumur allra stelpna.

Við vorum báðir að kaupa okkur bíl,“ segir Bjarki Gunnlaugsson knattspyrnumaður og tvíburabróðir Arnars Gunnlaugssonar. Bræðurnir gengu inn í Brimborg á Bildshöfða í síðustu viku og græjuðu sig upp fyrir jólin. Þeir komu ekki labbandi út því þeir keyrðu í burtu hvor á sínum Lincoln Navigator Luxury-jeppanum, svörtum og svaðalega svólum. Svona tryllitæki kostar tæpar sjö milljónir og kemur með öllum græjum. Þeir þurfa ekki einu sinni að opna jeppana með lykli. Þeir sem hafa átt Lincoln segja það einstaka tilfinningu.

„Lincoln er handverk sem er unnið af alúð og myndar glæsileika sem á sér enga fyrirmynd. Tilfinningin er einungis þeirra sem reynt hafa. Þú ekur Lincoln og heldur þig á flugi og mjúkum skýjum,“ segir í auglýsingu frá fyrirtækinu. Kaup bræðranna á þessum glæsilegu jeppum þykja benda sterklega til þess að þeir ætli að spila uppi á Skaga næsta sumar. Arnar er reyndar búinn að staðfesta för sína þangað og nú segja menn að Bjarki fylgi í kjölfarið, enda liggur Lincolninn vel í Hvalfjarðargöngunum.

LINCOLN NAVIGATOR LUXURY

5 dyra
7–8 sæti
5,4 V8 vél
Bensín
300/495 hestöfl
Verð 6.885.000 kr.

- 5,4L DOHC 32-ventla, V-8 bensín. 300hó.
- Rafeindastýrð eldsneytisinnspýting.
- Tölvustýrt aldrif og stöðugleikastýrikerfi m/ veltivörn.
- 6 girra rafstýrð sjálfskipting.
- Aflbremsur með ABS og EBD.
- Loftþúfaþjöðrun með hleðsluþjöfnun og jafnvægisstöngum að framan og aftan.
- Gasdepparar.
- 18" 7 rima álfelgur.
- P255/70R18 heilsársdekk.
- AM/FM* Audiophile 6 dísku hljómtæki með 9 hátölurum, bassaboxi og stillingum í stýri.
- Tölvustýrð tvívirkt loftkæling og sérmiðstöð í farþegarými með lofttúðum í þaki og stillingum í annarri sætaröð.
- Geymsluhölf í gólfí farangursrýmum.
- Klukka.
- Teppamatottur.
- 3 x 12V innstungur.
- Útispeglar rafstýrðir og upphitaðir með stefnuljósum og aðkomuljósum.

- Gangbretti.
- Þokuljós.
- Halogen-aðalljós.
- Loftþúðar fyrir ökuþmann og farþega í framsæti.
- Loftþúðagardínur með veltiskynjun.
- Barnalæsingar.
- Lyklalaus opnun.
- LATCH. Festingar fyrir barnabílstóla.
- 7 manna. Framsæti 2 stólar rafstýrðir, önnur röð 2 stólar, þriðja röð 3 manna tvískipt sæti.
- 3 punkta öryggisbelti fyrir öll sæti.
- Securilock-þjófavörn.
- Homelink-bílskúrshurðarfjarstýring.
- Minni fyrir stillingar á bílstjórásæti, pedólum og útispeglum.
- Aksturstölvla með eyðslumæli, áttavita, úthitamæli, vélaferilrítkerfi fyrir alla vökva, sjálfskiptingu og loftþrýsting í dekkjum.
- Stíllanlegir pedalar.
- Rafstýrðar samlæsingar.
- Bakkskynjari.
- Hraðastíllir.
- Leðurklætt stýri með stillingum fyrir hraðastíllir, hljómtæki og miðstöð.
- Leðurklæði á sætum.
- Hraðanamar rúðuburrkur með tímastíllir.
- Tvískipt opnun á afturhlera með fjarstýrðri opnun á glerhluta.


ENÝJUM SJÖ ÚXUSJEPPUM

Arnar og Bjarki
Gunnlaugssynir
fóru saman í
verslunarferð

Tvívurur á
eins jeppum



Lyklalaus Bræðurnir
opna jeppana með
sérstökum kóða.



Opna gluggann
Hægt er að loka
gluggunum með
einu handtaki
þegar keyrt er í
gegnum Hval-
fjarðargöngin.



Allt í stýrinu Hægt
að stjórna nánast
hverju sem er frá
stýrinu í bílnum.



Topplúga Að sjálf-
sögðu er topplúga
á Lincolninum.



Sjálfskiptur Sex gíra
rafstýrð sjálfskipting.

**Lincoln Navigator
Luxury** Tilfinningin
er einungis þeirra
sem reynt hafa.



Leður Sætin
eru klædd
eðalleðri.



Glæsilegar
18" 7 rima
álfelgur prýða
tryllitækid.



Vel upplýstir Poku-
ljós og halogen-aðal-
ljós eru á Lincolninum.

Hlýleg húsgögn og gjafavörur!



Gífurlega fjölbreytt úrval af fallettri gjafavöru, m.a. nýjar tegundir af englunum vinsælu og flottum jólasveinum.

Enn fleiri fallett hús með ljósum komin, ilmkerti í öskjum, klukkur, kertastjakar, falletgir bútasaumsdúkar, rúmteppi og margt, margt fleira.

Skoðið gjafahugmyndir okkar á www.virka.is

Sjón er sögu ríkarí!

Verslunin er opin mán-fös frá 10-18
Laugardaginn 17 des. frá 11-18



VIRKA Húsgögn

Mörkin 3, sími 568 7470
www.virka.is

Logi Bergmann Eiðsson og Svanhildur Hólm Valsdóttir flýja í faðm gamla félaga

Svanhildur og Logi
Slepptu jólagleði 365
og flúðu í faðm gam-
alla félaga á RÚV.

STJÖRNU-
FRÉTTIR

„SPYRILLINN SÖKKAR“

Jólaveislur 365 og Ríkissjónvarpsins voru haldnar sama kvöld í síðustu viku. Fjölmiðlahjónin Logi Bergmann Eiðsson og Svanhildur Hólm Valsdóttir, fyrrverandi starfsmenn Ríkissjónvarpsins og núverandi starfsmenn 365 hunsuðu jólahlaðborð 365 en mættu þess í stað á jólaglög RÚV og skemmtu sér með gömlu félög- unum.

RÚVarar fóru í spurningakeppni en eins og vitað er mun Sigmar Guðmundsson setjast í stólinn í stað Loga í Gettur betur. Keppnin var í fullum gangi þegar Svanhildur segir háum rómi: „Spyrillinn sökkar!“

En það er greinilegt að þó að Svanhildur og Logi hafi skipt um vinnustað hafa þau alls ekki gleymt gömlu vinnu- félögunum og þykir gaman að skemmta sér með þeim.

Anna Mjöll heldur amerísk jól Í L.A. UM JÓLIN

Nei, Anna Mjöll kemur því mið- ur ekki heim um jólin þetta árið,“ segir Svanhildur Jak- obsdóttir söngkona, móðir Önnu Mjallar Ólafsdóttur tónlistarkonu sem búsett er í Los Angeles. Svan- hildur og eiginmaður hennar, tón- listarmaðurinn Ólafur Gaukur, hafa

dvalið í Los Angeles hjá Önnu Mjöll tvö síðastliðin jól. „Það er allt mjög hátíðlegt í Los Angeles um jólin, hátíðlegra en ég bjóst við,“ segir Svanhildur. „Þar er mikið skreytt og mikil jólastemning, en það vantar auðvitað snjóinn. Í Bandaríkjunum er það 25. desember sem er hátíð-

legastur, en það eru haldin jólaboð fyrir. Við fórum til dæmis í jólaboð þann 24. desember.“ Söngkonan Anna Mjöll er búsett í Los Angeles og mun halda jólin hátíðleg á ameríska vísu. Það er nóg að gera hjá stúlkunni, en hún gaf út tvo geisla- diska fyrir á árinu, sem plötuútgáfu-

fyrirtæki í Nashville gaf út. Þau Svanhildur og Ólafur Gaukur eiga án efa eftir að sakna Önnu Mjallar um jólin. „Við komumst ekki út til hennar þessi jól, en við erum alltaf í góðu sambandi við hana, bæði í gegnum síma og tölvupóst,“ segir Svanhildur.



**Anna Mjöll
Ólafsdóttir**
Eyðir jólnum
í Los Angeles.

Unnur Birna Vilhjálmisdóttir fékk faðmlag frá flottustu mömmu í heimi



SLÓ ÚT ALL

Ungfrú Nýja-Sjáland Var villt í bikiniþeppinni.



Ungfrú Ítalía Sofiu Bruscoli var spáð góðu gengi í ungrú heimi. Hún var valin ungrú Suður-Evrópa.



Knús frá mömmu Unnur Birna, nýbúin að vinna titilinn ungrú heimur, fær knús frá móður sinni Unni Steinsson.



H&N-mynd: Getty Images/ All over press



Sex manna úrslit Þær voru flottar sex efstu: Ungfrú Suður-Kórea var pottþétt í ljótasta kjólnum, Unnur Birna var í kjól af móður sinni, ungrú Ítalía Sofía Bruscoli var í mjög stuttu pilsli og skrautlegum topp, ungrú Púertó Ríkó Ingrid María Rivera Santos var án efa kynþokkafyllsta konan í keppninni. Frá Mexíkó var það Dafne Molina Lona í síðu túrkisbláu pilsli og topp og að lokum ungrú Tansanía Nancy Abraham í svörtum klassískum kjól.



Í gegnsæju Lenti í öðru sæti í keppninni. Hér er hún í varla neinum fótum. Gegnsæjum topp og mjög stuttum stuttbuxum.

AR SILÍKONBOMBURNAR



Þrjár flottar Irina Dolovova frá Moldavíu, Yulia Ivanova frá Rússlandi og Dafne Molina Lona frá Mexíkó voru í þremur efstu sætum í Beachwear-keppninni sem haldin var 10. desember. Unnur hélt að hún ætti ekki sjéns í þessar stelpur eins og hún sagði sjálf frá á blogginu sínu.



Getnaðarleg Leonora Jimenez Monge frá Kosta Ríka var rosalega kynþokkafull en það dugði ekki til.



Sigurvegarnir Unnur Birna ásamt Ingrid María Rivera Santos frá Púertó Ríkó og Dafne Molina Lona frá Mexíkó. Hér sést hversu mikil kynbomba Ingrid María er.

Ferðasaga Margrétar R. Jónasdóttur förðunarmeistara í Kína



Ljúffengir eftirréttir
Unnur Birna laumaðist
til að fá sér smávegis
eftirrétt af jólahlað-
borðinu.



Í gylltum kjól
Ungfrú Vietnam,
dóttir hjónanna
sem voru svo hríf-
in af Unni Birnu.



Generalprufan Margrét náði
þessari mynd af Unni Birnu þegar
generalprufunni lauk. Margrét,
Unnur og Ásgeir sátu á þriðja
bekk og sáu vel á sviðið.

LÍFIÐ BREY

Unnur Birna
fegursta kona heims.
Með einkalífvörð og
fær námsstyrk



Flottasti kjóllinn Margréti
fannst þetta vera flottasti
kjóllinn í keppninni en það
var ungfrú Suður-Afrika
sem skartaði honum.



Elskuðu Unni Birnu Þessi víetnömsku hjón og amma sátu við hlið Margrétar, Unnar og Ásgeirs í bílnum sem flutti þau á hótelið. Dóttir þeirra tók einnig þátt í keppninni. Þau voru yfir sig hrifin af Unni Birnu og vissu einnig að Unnur Steins hefði tekið þátt í keppninni á sínum tíma.

Hótelið Var eins og paradís og loftslagið geggjað. Margrét segir að á kvöldin hafi hún getað verið á hlýrabol úti við.



Óðir í keppendum Margrét segir Kínverjana hafa verið óða í alla keppendum og tilbeið þá. Þeir hlupu eftir stúlkunum með myndavélarnar. Hún segir Miss World-keppnina vera hápunkt ársins hjá íbúum Sanya. Meira að segja hefur verið byggt sérstök höll fyrir keppnina.



Herbergin Svona litu herbergin út á Sheraton-hótelinu í Sanya og segir Margrét þau mjög hugguleg.



Góð stemning Margrét og Unnur svaka spennar með íslenska fánann.



Sætar Þessar stúlkur tóku þátt í keppninni. Í miðlið er Dafne Molona Lona sem lenti í öðru sæti.

TTIST Á SVIPSTUNDU

Þegar ég kom til Hong Kong var það svipað og ég hafði ímyndað mér. Rosaleg háhýsi. Ég kom að kvöldi til og að fljúga yfir borgina var alveg meiriháttar flott. Ég tók bíl inn í bæinn og þetta var eins og að keyra inn í Las Vegas sinnum tveir og að auki allar jólaseríurnar," segir Margrét R. Jónasdóttir förðunarmeistari. Margrét var send á vegum EMM School of Makeup, Café Oliver og Galileo til Kína til þess að farða Unni Birnu fyrir keppnina.

„Þegar ég kom til Kína var allt öðruvísi en í Hong Kong. Þeir skoðuðu vegabréfið hjá hverjum og einum í 10 mínútur og gegnumlýstu allt inn í landið. Svo tók

á móti mér fullt af Kínverjum sem vildu keyra mig á hótelið og enginn talaði ensku. Það var hvergi hægt að fá upplýsingar. Leigubílstjórinn sem ók með mig á hótelið var ansi grunsamlegur. Mig grunaði nú líka þegar mér var boðið far að ég væri að borga tvöfalt gjald," segir Margrét og hlær. En þetta var hennar fyrsta ferð til Kína en það hefur verið draumur hjá henni lengi að heimsækja landið.

„Þegar ég kom á hótelið var allt öðruvísi, meira vestrænt en þó með kínversku yfirbragði. Allir gangarnir voru mjög langir. Þarna voru þrír veitingastaðir og tjörn í kringum allt hótelið með risagullfiskum. Það var mjög

hreint og huggulegt og allt starfsfólkið snérist í kringum mann.“

Algjör þolraun

„Ég hitti Unni á hverjum degi. Daginn eftir að ég kom var keppendum og aðstandendum þeirra boðið til veislu. Unnur leit mjög vel út og mér fannst hún bera af. Það kom mér á óvart hvað margar stúlkurnar voru hávaxnar og margar hverjar léttklæddar. Mér fannst Unnur geisla. Það var mesti klassinn yfir henni. Hún leit voða vel út en ég fann að þetta höfðu verið erfiðar vikur fyrir hana og hún var orðin þínu þreytt. Þær voru búnar að vera að ferðast á milli

bæja, borga og þorpa, planta trjám, fara í brúðkaup og hitta mikið af fólki. Þær voru á fullu alveg fram á síðustu stundu," segir Margrét og bætir við:

„Maður þarf greinilega að vera mjög sterkur einstaklingur til að taka þátt í svona keppni. Unnur virkar þannig á mig að hún er mjög einbeitt með allt sem hún tekur sér fyrir hendur. Mér fannst hún kunna þetta upp á 10. Þetta er algjör þolraun fyrir þær og ég held að hún hafi staðist þetta langbest af þeim öllum.

FRAMHALD Á NÆSTU OPNU



Unnur og Unnur Unnur, Ásgeir og Margrét fóru að hitta Unni Birnu í veislu að kvöldi 8. desember fyrir keppendur og aðstandendur þeirra. Magga segir það hafa verið mjög gaman að sjá fólk af mismunandi þjóðerni og hvernig það klæddist.



Heiðursvörður Heiðursvörður var meðfram rauða dreglinum.

LÍFIÐ BREYTTIST Á SVIPSTUNDU

Komin með lífvörð

Unnur kom til hennar í förðun fyrir generalprufuna og fannst Margréti gott að geta horft á hana þar til þess að sjá hvort hún þyrfti að laga eða breyta einhverju. „Mér fannst hún alveg rosalega róleg, en ég held að það sé vegna þess að hún var orðin svo þreytt. Hún sagði sjálf við mig að hún yrði rosalega ánægð að komast í topp 15. Hún nefndi að ef hún yrði kosin Norður-Evrópa gæti hún valið

sér nám hvar sem er í heiminum og aðstandendur Miss World myndu greiða allan kostnað. Ég held samt að hún hafi alls ekki gert ráð fyrir þessu. Öll hennar plön þurfa að biða. Lífið hennar breyttist á svipstundu, til dæmis fylgir henni lífvörður í heilt ár á meðan hún er ungrú heimur.

Gott sjokk

„Hún hlýtur að vera í léttu sjokki eftir þetta. Að vera allt í einu orðin Miss World. Um

kvöldið var komin öryggisgæsla í kringum hana. Eftir keppnina var haldið partí henni til heiðurs og strandpartí eftir það. Ég fór heim eldsnemma morguninn eftir og veit að hún fékk að sofa út eftir alla törnina svo ég sendi til hennar kveðju. Ég var samferða Unni og Ásgeiri til Hong Kong þar sem við eyddum deginum. Við fórum í rísa „mall“ með 700 verzlunum og á skemmtilegan markað. Þetta var alveg ævintýrlega gaman,“


segir Margrét sem seint mun gleyma þessari ferð.

„Það var líka gaman að kynna Unni Steins. Ég þekkti hana lítilega áður en ég fór út. Á keppninni sjálfri var hún mjög hræð þegar Unnur var valin ungrú Norður-Evrópa og þegar hún var kosin ungrú heimur fann ég að hún var eðlilega í þínu sjokki. Framundan er ár af ferðalögum og þetta gerist bara einn, tveir og þingó.“

Þegar Margrét kom heim til



Hjónin Unnur Steinsson og Ásgeir Jón Ásgeirsson á góðri stundu að fylgjast með keppninni.




Fallegasta kona í heimi Fegurð þessarar ungu stúlku leynir sér ekki. Margrét segir hana hafa verið ótrúlega fagmannlega og fannst Unnur vera sú eina sem vissi alveg hvað hún var að gera.



Rosa sætur Tim Vincent var kynnr ferðarinnar. Hann er að gera góða hluti í Bretlandi og er nýbúinn að skrifa undir samning við bandaríska sjónvarpsstöð. Margrét fékk að sjálfsgöðu eina mynd af sér með honum.



Íslands var hún stöðvuð í tollinum og spurð hvaðan hún kæmi. Þegar hún sagði tollvörðunum að hún væri að koma frá Kína fóru þeir að forvitnast og voru að rifna úr stolti yfir Unni Birnu sinni sem vann fyrir þá í sumar. Löggan sem varð fegursta kona í heimi. Við erum líka öll að rifna úr stolti.
Hægt er lesa dagbók Margrétar úr ferðinni á vefsíðu hennar: margret.is.



Fallegar Í miðjunni er Sopia Bruscoli frá Ítalíu sem var kosin ungfrú Suður-Evrópa.

Ungfrú heimur í flottustu kjólunum

Í KJÓL FRÁ MÖMMU SINNI



Glæsileg!

Unnur Birna okkar hafði ekki mikla trú á því að hún myndi vinna titlinn ungrú heimur og sigurinn kom henni þó nokkuð á óvart. Hún tók tvær tösukur með sér út, troðfullar af fötum, því hún átti eftir að dvelja í Kína í fimm vikur. Á krýningarkvöldinu sjálfu var Unnur í sama kjól og hún klæddist í Ungfrú Íslandi, með örliðum breytingum. Það var móðir hennar Unnur Steinsson sem breytti kjólnum. Kjöllinn var gamall og í eigu Unnar Steins. Þær mæðgur settu breiðari hlýra á kjöllinn og gerðu pilsíð sjálft miklu meira um sig og glæsilegra.

Unnur Birna bar svo sannarlega af í keppninni og utan hennar. En hún var ávallt í glæsilegasta kjólnum og er það augljóst að stjarna Unnar Birnu skín skært.

STJÖRNUFRÉTTIR

UNGFRÚ ÍSLAND
Grunlaus um að hún yrði næsta ungrú heimur. Hér er kjöllinn sem mamma hennar átti með mjóum hlýrum.

GLÆSILEG
Kjólnum var breytt örliðið fyrir Ungfrú heim. Hér eru komnar litlar ermur á kjöllinn og pilsíð er meira.

SEXÍ
Í brúnum tvískiptum kjól með hlébarðamunstri að ofan. Á leiðinni út af hæfileikakeppni Miss World í Kína þann 20. nóvember.



GRACE KELLY
Unnur Birna í gullfallegum ljósbleikum siffon-kjól og minnir helst á leikkonu í Hollywood.

SUMARLEGUR
Í svörtum og hvítum sumar kjól með hlýrum að gróðursetja tré í Beauty Crown Centre í miðbæ Sanya 9. desember.

HVÍTI KJÖLLINN
Stuttur og léttur kjól, tekinn saman um mittið og skreyttur með glitrandi palliðum á bringunni.



SÓLA, ný náttúruleg snyrtivörulína frá URTASMIÐJUNNI • Náttúruleg rotvörn úr jurtum.

Húðmjólk

Með ilmandi fjólum og rauðsmára. Mýkjandi og rakagefandi. Nærir þurra húð.

Fótakrem

Með vallhumli og myntu. Kælandi og frískandi fyrir þreytta og sveitta fætur.

Handkrem

Nærandi olíur úr maríustakk og hafþyrni. Græða sprungur, mýkja þurrar hendur.

Nuddkrem / sportkrem

Með fjallagrösom og eini. Mýkjandi og slakandi á þreytta og spennta vöðva.

Reykjav: Maður lifandi Borgartúni 24, Hæðasmára 6, Yggdrasill Skólavörðust. 16. Snyrtist. Valdís Bauganes 25A

Hafnarfj: Fjarðarkaup, **Selfoss:** Lyfja, **Keflavík:** Blómaval, Ísl. markaður Leifsstöð, **Akureyri:** Heilsuhornid Glerártorg, Apotekarinn Hafnarstr.

Urtasmiðjan Svalbarðsströnd, sími 462 4769, 861 4769 gigja@urtasmidjan.is

Pétur Óskar Sigurðsson var með Unni Birnu þegar hún var krýnd ungfrú Ísland

Unnur Birna og Pétur Óskar Voru saman þegar hún var krýnd ungfrú Reykjavík og ungfrú Ísland.



HORFÐI Á KEPPNINA

Á NETINI

Hætt saman For-síða Hér & nú 9. júní þegar Pétur og Unnur hættu saman.



Ég er bara rosalega sáttur fyrir hennar hönd," segir Pétur Óskar Sigurðsson, fyrrverandi kærasti Unnar Birnu, um árangur sinnar fyrrverandi. Pétur Óskar var með Unni Birnu þegar hún var krýnd ungfrú Reykjavík og ungfrú Ísland. Hann býr nú í Bandaríkjunum þar sem hann stundar nám í viðskipta- og hagfræði við Boston-háskóla. „Ég horfði á þetta á netinu vegna þess að ég bý úti, þetta var ekkert í sjónvarpinu hérna," segir Pétur Óskar sem kynntist Unni Birnu á þjóðhátíð í

Vestmannaeyjum árið 2004. Inni í fögrum Herjólfsdalnum sátu þau í brekkusöngnum og virtust mjög hamingjusöm. Þau urðu strax mjög hrifin af hvort öðru í Vestmannaeyjum að sögn þeirra sem til þekkja. Pétur er einn af bestu knattspyrnumönnum þjóðarinnar og hefur leikið með FH, Breiðabliki og ÍBV. Hann hefur einnig farið á kostum með yngri landsliðum þjóðarinnar. Fljótlega eftir að Unnur Birna var krýnd ungfrú Ísland hættu þau Pétur saman og fóru hvort í sína áttina.

Texti: Breki Logason og Jón Mýrdal

ALLTAF MEÐ FLOTTUSTU STRÁKUNUM

Unnur Birna og kærastarnir



Unnur Birna hefur verið með þremur strákum á föstu í gegnum tíðina. Þeir eiga það allir sameiginlegt að vera miklir töffarar og aðalgaurnir hverju sinni. Þeir sem þekkja strákana segja þá fyndna og uppfulla af skemmtilegum húmor. Það er greinilegt að Unnur vill skemmtilega stráka.



FÓTBOLTAHETJAN HJÁ ARSENAL

Unnur Birna flutti í Árbæinn árið 1998, fjórtán ára gömul. Þá kynntist hún fyrstu ástinni en það var knattspyrnuhetjan Ólafur Ingi Skúlason sem er árinu eldri en hún. Ólafur var aðal-töffarinn í Árbænum, vinsæll, fyndinn og góður í fótbolta. Snemma fór hann út til Englands og lék með einu besta félagsliði heims, Arsenal. Hann komst þó aldrei almennilega í aðalliðið en var mikilvægur hlekkur í unglingsliðinu. Unnur Birna fór oft til London til að hitta hann þegar þau voru saman. Fyrir stuttu gekk Ólafur Ingi til liðs við 2. deildar lið Brentford. Unnur og Ólafur Ingi hættu svo saman þegar hún var í MS eftir rúmlega þriggja ára samband. Nú er hann á föstu með Sigurbjörgu Hjörleifs-dóttur viðskiptafræðingi.



TÖFFARINN ÚR MS

Eftir að upp úr slitnaði hjá Unni Birnu og Ólafi Inga byrjaði Unnur með Sólmundi Hólmi Sólmundarsyni. Hann er árinu eldri, líkt og Ólafur Ingi, og var aðal-töffarinn í Menntaskólanum við Sund. Sólmundur, eða Sóli eins og hann er alltaf kallaður, var þá nýhættur með Hildi Völu Einarsdóttur Idolstjörnu og núverandi unnustu Jóns Ólafssonar tónlistarmanns. Sólmundur var vinsæll í MS, lék í leikritum og fór á kostum í Söngvakeppni framhaldsskólanna. Hnyttinn og ómótstæðilegt útlit Sólmundar hefur líklega brætt hjarta Unnar Birnu og voru þau flott par á sínum tíma. Sólmundur og Unnur Birna voru saman í um hálf t á og ber Sólmundur henni vel söguna. „Ég samgleðst henni innilega yfir þessum árangri,“ segir Sólmundur sem nú starfar sem blaðamaður á tímaritinu Sírkus.



Í KASTLJÓSI FJÖLMÍÐLANNA

Eftir að Unnur var kjörin ungrú heimur hafa fjölmiðlar mikið rætt um ástamálið hennar. Kjaftasögurnar hafa gengið fjöllum hærra en hún sást meðal annars í fangi Frosta Logasonar, gítarleikara Mínuss, á einum af skemmtistöðum bæjarins. Unnur neitaði því þó að eiga í nokkru sambandi við Frosta. Einnig voru miklar umræður um hana og Hollywood-leikarann Ryan Phillippe sem var hér á landi í sumar. Unnur Birna neitaði því þó að hafa yfirgefið skemmtistað með leikaranum en sagðist hafa talað við hann og ekkert meira. Nú er hún hins vegar á lausu enda lítill tími fyrir kærasta þegar þú ert fegursta kona í heimi.



Emilía í Nylon er besta vinkona Unnar Birnu



Bestu vinkonur

Emilía og Unnur Birna kynntust fyrir nokkrum árum í gegnum sameiginlegan vin.

Ég fór sko að hágráta þegar ég heyrði þetta," segir Emilía Björg Óskarsdóttir söngkona í Nylon og besta vinkona Unnar Birnu. „Nylon var að spila í Kringlunni klukkan þrjú og krýningin fór fram rétt áður en ég fór á svið. Mamma og pabbi leyfðu mér að heyrna þetta í gegnum símann í beinni útsendingu. Ég heyrði þetta sem sagt rétt áður en ég fór á sviðið og hágrét, ég þraukaði samt sjóvið," segir Emilía hæstánægð með árangur vinkonu sinnar. „Við erum búnar að þekkjast í nokkur ár og kynntumst í gegnum sameiginlegan vin," segir Emilía sem hefur farið í marga útreiðartúra með fegurstu konu heims.

FÓR AÐ HÁGRÁTA

ÞEGAR ÉG HEYRÐI ÞETTA

Skalli í Árbæ Nokkurs konar félagsmiðstöð og vídeóleiga Unnar Birnu.

Brilljant kúnni!

Unnur Birna verslar í Skalla í Árbæ

FÆR SÉR OFT SKALLA-HAMBORGARA OG TOPP


Hún kemur oft hingað og ég þekki hana persónulega," segir Óli í Skalla í Árbænum um fegurstu konu heims. Hann er þó ekki viss hvort hún leigi spólurnar sínar í Skalla eða hvort hún fari á Bónusvídeó sem er líka í Árbænum. „Hún er alveg brilljant kúnni og af útilitinu að dæma er hún mikið að fá sér Topp," segir Óli og á þar við sódatvnið vinsæla sem allir Íslendingar þekkja. Unnur býr ekki langt frá Skalla í Árbænum sem er einhvers konar félagsmiðstöð unglinga í því hverfi. „Ég man nú ekkert eftir neinni mynd sem hún hefur leigt hjá mér en hún er náttúrulega mikið í Skalla-hamborgurunum sem eru alveg rosa-lega góðir," segir Óli í Skalla og hlær.

Unnur Birna Er alveg brilljant kúnni að sögn Óla í Skalla.

Toppur Óli í Skalla segir Unni gjarnan fá sér Topp.


HÚN ER HLÝR OG GÓÐUR

KARAKTER Klara í Nylon kynntist Unni Birnu í Buggy Malone



Klara í Nylon
Kynntist Unni Birnu í Buggy Malone.

Langsætust!



Dansari Unnur Birna er mikill dansari og var með Klöru í Buggy Malone.


Samanborið við hinar stelpurnar var þetta ekki spurning því hún var langsætust. Hún er alveg frábær stelpa og mjög vel gefin, hlýr og góður karakter," segir Klara Ósk Elíasdóttir í Nylon sem er ágætis vinkona Unnar Birnu. „Við kynntumst í sýningunni Buggy Malone í Loftkastalanum árið 1997, þegar ég var ellefu ára. Síðan hef ég bara kynnst henni aftur núna í gegnum Emiliu sem er mjög góð vinkona hennar," segir Klara en Unnur Birna

dansaði í Buggy Malone-sýningunni á sínum tíma.

„Ég átti alveg eins von á því að hún myndi vinna. Maður hafði samt áhyggjur vegna þess að við erum svo lítil þjóð og hefðum getað orðið undir í símakosningunni. En hún er verðugur fulltrúi okkar enda klár og falleg stelpa þannig að mér fannst þetta æðislegt.“ Klara var stödd í Kringlunni eins og Emilía og segir að stelpurnar hafi fært Kringlugestum fréttirnar á sviðinu.

Unnur Birna fer í Árbæjarlauginna


FALLEG STELPA SEM HORFT ER Á Í SUNDI



Árbæjarlaug Hingadó fer feegursta kona í heimi í sund.

Hún mætir stundum í sund og er bara mjög góður kúnni eins og allir hinir," segir Anna í Árbæjarlauginni sem hefur unnið þar frá upphafi. „Maður er nú lítið að spekulera í gestunum, þeir koma flestir hingað bara til þess að slappa af. Hún kemur hingað einstaka sinnum en það eru náttúrulega

fjórar vaktir þannig að ég veit ekki alveg," segir Anna um fegursta konu heims. „Auðvitað vekur hún athygli enda falleg stelpa sem þú horfir á. Ég hef nú ekkert tekið sérstaklega eftir því að strákar komi frekar þegar hún er, enda er mikið af fallegum stelpum sem kemur hingað til okkar.



Unnur Birna Anna í Árbæjarlauginni segir gesti taka eftir Unni Birnu enda sé hún falleg stelpa.

LAS LÖGFRÆÐI Á MEÐAN

AÐDÁENDUR BIÐU FYRIR UTAN

Unnur Birna var ein á hótelinu daginn eftir keppnina

Ég get fullvissað þig um að það er ekki að fara að gerast að ég verði kosin ungrú heimur," sagði Unnur Birna í viðtali við Hér & nú daginn áður en hún fór út til Kína fyrir rúmum fimm vikum. Hún var hógvær og henni skjátláðist. „Ég er virkilega stoltur af stelpunni og ég heyrði í henni í gær. Nú er hún á leið til London þar sem hún verður í viku við kynningar, á blaðamannafundum og að ganga frá samningum," segir Vilhjálmur Skúlason faðir Unnar Birnu og bætir við að Unnur sé mjög ánægð með lífið. „Þetta var náttúrulega mikil keyrsla á henni því hún var mikið á sama stað, svo endar þetta með miklum hveli. Daginn eftir keppnina voru svo allar stelpurnar farnar af hæðinni á hótelinu þannig að hún hafði hæðina fyrir sig og gat ekkert farið. Hún tók bara þann pól í hæðina að læra lögfræðina sína," segir Vilhjálmur greinilega mjög stoltur af stelpunni.

Öryggisverðir fylgdu Unni Birnu hvert fótspor í Kína þannig að það þurfti að skipuleggja hvert einasta skref. „Það var svo mikið af áhangendum fyrir utan hótelið sem vildu sjá henni bregða fyrir að það var ekkert hægt að hleypa henni neitt einni. Þeir töldu því best að hún væri bara inni á herberginu," segir Vilhjálmur sem hefur mikið þurft að svara spurningum um dóttur sína undanfarið. „Maður er náttúrulega einn hérna á landinu," segir Vilhjálmur og hlær.

Unnur er mikil hestakona og hefur verið að keppa á hesti sem heitir Tindur. „Hann er núna í þjálfun norður á Hólum í Hjaltadal og verður þar eitthvað yfir jólin, hann er alveg brúnn og mjög fallegur." Vilhjálmur segir að hestamenn viti aldrei hvað þeir eigi mörg hross en skýtur á að hann, Unnur og afi hennar eigi eitthvað um tuttugu hross.

En hvað ætlar fegursta kona í heimi að borða um jólin? „Nú bý ég náttúrulega ekki lengur með móður hennar en það hefur alltaf verið einhvers konar svínabógur eða purusteik hjá þeim, ég geri ráð fyrir því að það verði á boðstólum í ár."

Texti: Breki Logason og Jón Mýrdal



Unnur Birna Las lögfræði á hótelinu á meðan æstir aðdáendur biðu fyrir utan.



Pabbi og litli brósi Vilhjálmur Skúlason og Vilhjálmur litli bróðir hennar eru stoltir af stelpunni.

- Hesturinn heitir Tindur
- Borðar purusteik um jólin
- Með lífverði í Kína
- Lærði lögfræði daginn eftir



Tindur Unnur hefur verið að keppa á hestinum Tindi sem nú er í þjálfun á Hólum í Hjaltadal.



JÓLATILBOÐ

OPIÐ TIL 18:00
Á LAUGARDAGINN

SETT HÚSGAGNAVERSLUN FLYTUR UM ÞESSAR MUNDIR Í NÝTT OG GLÆSILEGT HÚSNÆÐI AÐ ASKALIND 2A Í KÓPAVOGI. AF ÞVÍ TILFERNI VILJUM VIÐ BJÓÐA VIÐSKIPTAVINUM OKKAR SÉRSTAKAN FRAMKVÆMDA AFSLÁTT SEM VEITIR FRÁBÆRT TÆKIFÆRI TIL AÐ GERA KJARAKAUP FYRIR JÓLIN.



Mervana svefnsofi

Svefnsofi (klikk-klakk)
Springdýna • rúmfatageymsla

kr. 24.900.-
Verð áður: 49.900.-



Premium svefnsofi

2ja sæta svefnsofi með heilsudýnu
Microfíberáklæði
Litir: ljós (beige) • grár

kr. 84.900.-
Verð áður: 114.900.-



Megan hægingastóll

Ítalskt leður • Microfíberáklæði
Rafmagnsnudd
Litir: Dökkbrúnn • ljósbrúnn
svartur • gulur

kr. 59.900.-
Verð áður: 79.900.-



Rafmagnsnudd

Sófasett 3+2

Áklæði með óhreinindavörn
Litir: Ljóst • sandlitáð • brúnn

kr. 79.900.-
Verð áður: 129.900.-



KYNNINGARTILBOÐ Á RÚMUM OG FYLGIHLUTUM

Rúm (Expert Optimal)

Til í þremur stærðum



Heilsukoddi (latex)

Lagar sig að höfðinu
Leggst vel að hálsi

kr. 4.490.-



Koddi

Með gæsadún
Mjúkur og þægilegur

kr. 4.900.-



Rúm með dýnu	Yfirdýna (latex)
90 x 200 kr. 31.700.-	90 x 200 kr. 12.900.-
160 x 200 kr. 53.900.-	160 x 200 kr. 19.900.-
180 x 200 kr. 62.800.-	180 x 200 kr. 22.900.-

SETT
HÚSGAGNAVERSLUN

OPNUNARTÍMI: MÁNUD - FÖSTUD 11:00 - 18:00 LAUGARDAGA 11:00 - 18:00 SUNNUDAGA 13:00 - 16:00

SETT HÚSGAGNAVERSLUN • ASKALIND 2A - 201 KÓPAVOGUR - Sími 534 1400 - WWW.SETT.IS

Idolkrakkarnir sem komnir eru áfram



INGÓLFUR ÞÓRARINSSON

Ingó tók Wild World með Cat Stevens. Hann er strákur sem gæti gert góða hluti í þessari keppni. Fór á kostum þegar hann tók Blur frekar snemma í keppninni og er svolítill töffari. Sætur og með bros sem bræðir. Kæmi ekki á óvart ef hann færir langt í Smáralindinni. Eftir fimm ár vonar hann að hann verði sáttur með síðustu fimm ár. Flottur gaur og eiginlega vonarstjarna strákanna í keppninni.



TINNA BJÖRK GUÐJÓNSDÓTTIR

Hin 16 ára gamla Tinna söng lagið Miss Celie's Blues (Sister) með Quincy Jones. Hún hefur komið nokkuð á óvart í þessari keppni og fer langt á því hvað hún er mikil dúlla. Hún er ung og er frá Egilsstöðum en það hefur gjarnan verið kostur að vera utan af landi í þessari keppni. Það er rosalega mikil undir henni sjálfri komið, hvort hún stenst þessa pressu eða ekki. Það kæmi hins vegar ekkert á óvart þó Tinna dytti snemma úr keppni.

ANGELA OG BRIJET SUNNA



EIRÍKUR HAFDAL

Komst áfram úr fyrsta hópnum eftir að hafa sungið lagið, Bed of Roses með Bon Jovi. Ósköp venjulegur strákur frá Eskifirði sem á ekki eftir að gera rósir í þessari keppni. Hann er svipuð týpa og Kalli Bjarni sem hefði aldrei átt að vinna Idolið. Hann orðar þetta nú eiginlega best sjálfur á heimasíðu Idolsins: „Eftir fimm ár kem ég til með að búa í litlu, sætu húsi á Eskifirði með konu og barni, ég á eftir að eignast hund & Trabant og vera í hljómsveit með Kalla Stock.“



RAGNHEIÐUR SARA GRÍMSDÓTTIR

Hún heillaði áhorfendur með laginu Ég elska þig enn eftir Magnús Eiríksson. Hún Ragnheiður er dúlla þó hún sé alveg 24 ára gömul og gæti náð í topp fimm. Hún er úr Kópavogi og virkar mjög heilsteypt stelpa. Eftir fimm ár sér hún sig gifta með eitt barn, eitt á leiðinni og á fullu í músíkinni. Ragnheiður á örugglega eftir að koma á óvart í Smáralindinni en er samt of venjuleg stelpa.



1. SÆTI?

Idol

BRÍET SUNNA VALDEMARSÓTTIR

Þessi sautján ára stelpa fékk bestu kosningu áfram úr 35 manna úrslitunum frá upphafi. Hún söng lagið When I Think of Angels eftir KK. Bríet hefur allt til þess að vinna þessa keppni. Falleg, brosmild, kemur vel fyrir sig orði og hefur líka flotta rödd. Hún er kjarnakona sem rekur skemmtistað í Keflavík með fjölskyldunni. Það verður gaman að sjá hana á sviðinu í Smáralind og hún á pottþétt eftir að enda í topp þremur. Eftir fimm ár sér hún sig einhvers staðar í tónlistarbransanum, sem er mjög raunhæft markmið.

Nú eru átta keppendur komnir áfram og aðeins dómaraþátturinn eftir. Þar velja dómaramenn þá sem staðið hafa sig best hingað til og þeir keppendur keppa svo um hylli áhorfenda. Hér & nú hefur fylgst grannt með Idolinu og spáir nú í þá keppendur sem komnir eru áfram.

1. SÆTI?

ANGELA INGIBJÖRG COPPOLA

Hin sjóðheita ítalska prinsessa sem bræðir alla fasta við sjónvarps-skjáinn. Angela er með sérstakt útlit enda frá Ítalíu. Hún hefur skemmtilega framkomu og fallega rödd. Hún söng lagið Because of You með Kelly Clarkson og flaug í gegn. Það kæmi ekki á óvart ef hún ynni keppnina. Hún hefur flottan karakter og er öðruvísi en flestir keppendurnir. Angela fer pottþétt í topp þrjá í þessari keppni.

A NÆSTU IDOLSTJÖRNUR



MARGRÉT GUÐRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR

Magga stóð sig svona líka svakalega vel í síðustu umferð með lagið Will You Still Love Me Tomorrow með Carole King. Í raun var hún sú eina í þessum hópi sem eitthvað er varið í. Sæt stelpa með fallegt bros. Er í hópi með hinum sætu stelpunum sem komnar eru áfram. Hún er samt ekki jafn góð söngkona og margar af hinum stelpunum en vinnur það upp með flottri útgeislun.



ÍNA VALGERÐUR PÉTURSDÓTTIR

Sveitastelpan frá Húsavík sem söng lagið Listen to Your Heart með Per Gessle & M.P. Persson. Það kom mörgum á óvart að Ína kæmist áfram í Smáralindina. Norðurlandið hefur átt sinn þátt í því enda norðanmenn þekktir Idol-unnendur. Kæmi ekki á óvart ef hún dytti frekar fljótlega út úr þessari keppni.



Útgáfufélag 365 – prentmiðlar.

Útgefandi Mikael Torfason ábm. Ritstjórn Breki Logason, breki@hognu.is, Hanna Eiríksdóttir, hanna@hognu.is, Jón Myrdal, myrdal@hognu.is, Sunna Finnbogadóttir, sunna@hognu.is. Hér & nú Skattahlöð 24, 105 Fvík, sími: 550 5000. Fax Auglýsingar: 515 7599 – Ritstjórn: 550 5075. Netfang Ritstjórn: ritstjorn@hognu.is – Auglýsingar: auglysingar@hognu.is. Setning og umbrot 365 – prentmiðlar. Prentvinnsla Ísafoldarprentsmíða. Dreifing Pósthúsið ehf., dreifing@posthusid.is. Hér & nú áskilur sér rétt til að birta aðsendar myndir í tímaritinu á stafrænu formi og í gagnabókum án endurgjalds.

Fegursta kona heims og ljótu stelpurnar rífa kjaft

Okkur finnst miður að forsætisráðherra hafi sent Unni Birnu hamingjuóskir í nafni allrar þjóðarinnar vegna sigurs hennar í keppninni um ungrú heim. Hann á að vita það að stór hluti íslensku þjóðarinnar er á móti fegurðarsamkeppnum,“ sagði talsmaður Feministafélags Íslands í blaðaviðtali í vikunni. Á meðan íslenska þjóðin gleðst með fegurstu konu heims, loka nokkrar stelpur sig inni og tala um hvað fegurðarsamkeppnir séu nú viðþjóðslegar. En af hverju geta þær ekki bara dottið úr karakter í nokkrar mínútur og brosað? Það hefðu allir viljað senda fegurstu konu heims heillaóskir í nafni íslensku þjóðarinnar, enda held ég að íslenska þjóðin gleðjist öll, meira að segja líka stelpurnar sem eru á pikkfestar í karakter. Getur verið að stelpurnar sem eru á móti fegurðarsamkeppnum séu það vegna þess að þær fengu ekki að vera með? Vegna þess að þeim var aldrei boðið í það parti?

En við hin, sem fengum reyndar ekki heldur að vera með, gleðjumst yfir því að eiga fegurstu konu heims. Fint að vera bara með það skjalfest og kórónu til þess að sanna það. Unnur Birna er nefnilega sannkallaður „winner“ sem veit upp á hár hvað hún er að gera. Ég man eftir því að ég vann sex kippur af bjór í vinnunni þegar ég setti hana í fyrsta sæti fyrir keppnina um ungrú Reykjavík. Og nú er hún bara falgust í heimi.

Unnur Birna er nú komin í flokk með Hófi og Lindu Pé. Sú síðarnefnda hefur spilað stórt hlutverk í fjölmiðlum síðustu sautján árin enda stórglæsileg drottning.

Ég er í engum vafa um að Unnur Birna mun vera á síðum blaðanna næstu árin, með bros á vör, á meðan stelpurnar í Feministafélaginu halda áfram að vera með fýlusvip og hundleiðinlegt attitjúð.

Breki Logason

Einar Bárðarson veðjar á óperu-söngvara



GARÐAR THOR TIL BRETLANDS

Samkvæmt nánum samtarfsmönnum Einars Bárðarsonar eru hafnar samningaviðræður um útgáfu á nýjustu plötu Garðars Thors Cortes á Bretlandseyjum. Garðar Thor fékk einmitt afhenta gullplötu í gærkvöldi fyrir yfir 5.000 seld eintök og stefnir Cortesinn hærra. Fyrir nokkrum mánuðum vissi íslenska þjóðin varla hver Garðar Thor Cortes væri en

hann hefur greinilega sungið sig inn í hjörtu þjóðarinnar á skömmum tíma. Talað er um að stórir aðilar hafi mikinn áhuga á að fá að gefa þennan gulltenór út í Bretlandi og á hann svo sannarlega fullt erindi þangað. Það er því ljóst að Einar Bárðarson ætlar að taka Bretland með trompi því plata með Nylonflokknum kemur út í Bretlandi strax á nýju ári.

Á FULLU MEÐ MYNDAVÉL Í HENDI

Nína Björk Gunnarsdóttir ljósmyndari hefur sést um bæinn með myndavél í hönd og margir hafa velt fyrir sér hvað stúlkan er að gera. Heyrst hefur að hún sé að semja sjónvarpsfærni ásamt vinkonu sinni fyrir sjónvarpsstöðina Sirkus. Mikil leynd hvílir yfir þættinum og verður gaman að sjá hvað Nína hefur fyrir stafni. Við biðum spenn.



Eineggja Hjalti og Haukur eru eineggja tvíburar. Þetta er Hjalti en ekki Haukur eins og sagði í síðasta blaði.

Leiðrétting HJALTI EN EKKI HAUKUR

Í síðasta tölublaði Hér & nú birtist grein um tókumanninn Hauk í Ástarfleyinu á síðu 14. Myndir sem birtust með greininni voru ekki af Hauki heldur af Hjalta bróður hans. Hjalti og Haukur eru eineggja tvíburar og því alveg sláandi líkir. Hjalti er greinilega mikill kvennamaður líka, og hefur notið góðs af frægð bróður síns. Þessi leiðindamisskilningur leiðréttest hér með.



H&N-mynd: Silja Magg

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir
Kynþokkafullur stjórnmálamaður.

KYNÞOKKAFULL INGIBJÖRG

Í nýjasta tímariti Nýs lífs eru fallegar myndir af 10 íslenskum konum sem hafa orðið þess heiðurs aðnjótandi að vera valdar konur ársins. Þar á meðal er formaður Samfylkingarinnar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Ingibjörg sýnir á sér nýja hlíð á myndinni, full af kynþokka og ástríðu og minnir

helst á leikkonu sem hefur aldrei gert neitt annað en að pósa fyrir myndavélina. Sumir segja Jane Fonda koma upp í huga þeirra er þeir sjá myndina. Ingibjörg var ljósmyndað af Silju Magg en það var Agnieszka Baranowska sem stíliseraði hana. Það er þess virði að kaupa blaðið bara fyrir þessa einu mynd.

Á HÆKJUM MED AFLITAÐ HÁR

Þróstur bassaleikari í Mínus var á röltinu um miðbæ Reykjavíkur um helgina. Ekkert furdulegt við það svo sem nema hvað að kallinn er búinn að aflita á sér hárið og gekk við hækju.

Hann lét þó ekki meiðslin halda aftur af sér og labbaði um bæinn með hækjuna. Annars er allt gott að fréttu af kappanum. Hann og Marsha unnusta hans hafa aldrei verið hamingjusamari og eftir því sem Hér & nú kemst næst er áætlað brúðkaup næsta sumar enn á dagskránni.



Þróstur og Marsha Ástfangin. Þróstur hefur lent í einhverju óhappi nýlega. En það sást til hans á rölti í miðbænum á hækjum.

HELGIN SEM LEIÐ Á DJAMMINU

Jólahlaðborðin settu svip sinn á miðbæ Reykjavíkur um helgina. Það var fámennt.

Gabriela Friðriksdóttir lét

þó sjá sig á Kaffibarnum þar sem **Nína Björk** ljósmyndari skemmti sér stórkostlega.

Gummi Gonzales og **Svali** á FM voru frekar týndir á Grand Rokki þar sem **Kristján Þorvaldsson** ritstjóri Séð og heyrt sat með félögum sínum. **Ásgeir Kolbeinson** var á Oli-



ver þar sem **Magnús Ver** var frekar þéttur. **Binni strípa** var á Sólón með **Kristínu** Ýr kærustunni sinni.

Gummi úr Sálinni var síðan á Thorvaldсен. Á tónleikum Anthony & the Johnsons var margt um manninn.

Björk Guðmundsdóttir var í Fríkirkjunni ásamt **Balta** og **Möggú Stínu**. Einnig voru þar **Jón Páll tattuð** og **Birta Björnsdóttir**.



KEYPTU SÉR

PARKETT Í NÝJA HÚSIÐ

Karl Pétur Jónsson og Tinna Ólafsdóttir sáuust í Agli Arnasyni fyrir skömmu að kaupa sér parkett. Það sem er í tísku núna er gegnheilt eikarparkett og er mjög líklegt að þau hafi fjárfest í nokkrum fermetrum af því. Fermetrinn af eikarparketti hjá Agli

kostar um níu þúsund krónur og má því gera ráð fyrir að þau hafi eytt um tveimur milljónum á tæpa 200 fermetrana sem húsið að Barðaströnd 5 er. Þetta er æskuheimili Tinnu og ætla þau greinilega að hafa fínt og flott hjá sér um jólin.

ÖÐRUVÍSI JÓLAGJAFIR



FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

REPEAT fatnaður / ZENTO skór / skart / toppar / veski / treflar / úr /
LEE GALLABUXUR / INTENSIVE SPA VÖRUR FRÁ ISRAEL / LOVE LINE KREMIN FRÁ
ISRAEL / HEILSUSKÓRNIR / INDULGE VARAN SEM OPRAH ELSKAR: Body Butter /
Body Scrub / ilmkerti / baðbombur og baðkokkteilar.



ZANDRA

Zandra Garðatorgi

sími 533-3931 / 899-6669

HVER ER HVAÐA STJARNNA?



C.J. PARKER — ÓSK NORÐFJÖRÐ

Hin fagra Ósk Norðfjörð er klárlega C.J. Parker Íslands. Það var Pamela Anderson sem gerði þessum karakter ógleymanleg skil í þáttunum um Strandverðina.



PARIS HILTON — SVALA BJÖRGVINS

Báðar eru þær dætur frægra manna. Það má kannski setja samasemmerki á milli Hilton- og Halldórs-ættarinnar. Svala og Paris Hilton eru stórglæsilegar stelpur.



HUGH HEFNER — GEIRI Á GOLDFINGER

Klámkóngur Íslands. Það er eitt sem þeir fíla mest í heiminum og það er að vera innan um flottar kellingar. Þeir lifa líka báðir og nærast á alls-berum konum.



KELLY OSBOURNE — BETA ROKK

Rokkpiur. Það er dónakjafur á þeim báðum og þær eru miklir rokkarar. Beta hefur þó örlítið róast með árunum, allavega eftir að hún vaknaði í Brussel.



HILLARY CLINTON — INGIBJÖRG SÓLRÚN

Stórglæsilegar og harðar í horn að taka. Ingibjörg og Hillary eru báðar flottir pólitíkusar. Þegar maður horfir á þær sér maður að þær eru þrælklárar og hafa fína áru.



CULKIN — ÞORVALDUR DAVÍÐ

Barnastjörnur. Sól þeirra beggja reis hátt þegar þeir voru mjög ungir. Macaulay Culkin hefur reyndar misst sig aðeins í duftið og vitleysuna, en Þorvaldur hefur verið blessunarlega laus við það. Báðir hafa leikið í sjónvarpi og á sviði.



Forsetahjónin og boðsgestir nutu hátíðartónleika Sinfóníu- hljómsveitar Íslands

Sú glæsilegasta Frú Dorrit Moussaieff var óaðfinnanleg á glæsilegum hátíðartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hér ræðir hún við Ingbjörgu Sólrúnu Gísladóttur og eiginmann hennar Hjörleif Sveinbjörnsson.

Flottasta forsetafrú í heimi Það er engin spurning að Dorrit ber af hvar sem hún fer.

Boðsgestir!

KAMPVÍNINÞ FLÆDDI

Forsetahjónin Ólafur Ragnar Grímsson og frú Dorrit Moussaieff buðu Valerie Amos barónessu og ráðherra í ríkisstjórn Tonys Blair, sem heiðursgesti á hátíðartónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Nóg var af kampvíninu fyrir boðsgestina en ekki var hægt að kaupa sér miða á þessa hátíðartónleika sem voru í boði KB banka.

Glæsileikinn geislaði af Dorrit Moussaieff að vanda er hún gekk á milli gesta og var með sönnu hinn fullkomni gestgjafi.

LÍFSSTÍLL



Glatt á hjalla Guðni Ágústsson og eiginkona hans Margrét Hauksdóttir ásamt Jóni Baldvini Hannibalssyni sem var flottur í beige-lituum jakkaötum.



Heiðursgesturinn Ólafur Ragnar Grímsson, Próstur Ólafsson framkvæmdastjóri Símfóníuhljómsveitar Íslands, heiðursgesturinn Valerie Amos barónessa og ráðherra í ríkisstjórn Tony Blair og Dorrit Moussaieff.

Bara hér!



Mikið hlegið Jónas Sen, Stefán Baldursson fyrrverandi þjóðleikhússtjóri og Bryndís Jónsdóttir eiginkona Hilmis Snæs Guðnasonar leikara.



Glæsileg hjón Sólveig Pétursdóttir forseti Alþingis og eiginmaður hennar Kristinn Björnsson voru afar glæsileg í veislunni og skemmtu sér vel.



Flottir feðgar Garðar Cortes og Garðar Thor Cortes voru að sjálfsgöðu mættir á tónleikana. Alltaf flottir.



Skemmtu sér vel Andri Már Ingólfsson eigandi Heimsferða og kona hans Valgerður Franklinsdóttir voru smart á því.



Í góðum gir Hjörleifur Sveinbjörnsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir voru meðal gesta á tónleikunum.



Glatt á hjalla Þeir Bjarni Þór og Stefán Jón Hafstein voru kátir á tónleikunum.

Á HÁTÍÐARTÓNLEIKUM



Málin rædd Hildur Hilmarsdóttir, Jón Þór Hannesson, Valgerður Lárusdóttir og Páll Magnússon nutu tónleika Símfóníuhljómsveitarinnar.



Falleg hjón Valgerður Sverrisdóttir og Arvid Kro eiginmaður hennar.



Kampavín og meira kampavín Aldrei hefur sést jafnmikið kampavín á einum stað og á hátíðartónleikunum.



Flottur Þórarinn Þórarinn Tyrfingsson í góðu fjöri.



Nóg að drekka Kampavínið flæddi í veislunni.



Biskupshjón Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands og kona hans Kristín Guðjónsdóttir voru falleg á heiðurstónleikunum.

Stjörnurnar og kjólarnir

RAUÐI DREGILLINN



Lindsay Lohan

Glimrandi!

▲ Mætti á frumsýningu King Kong í New York í þessum gullfallega rauða kjól með svörtum keip í stíl við nýju hárgreiðsluna. Hún lítur bara glimrandi vel út eins og hún í raun gerir alltaf. Skórnir eru líka góðir. Stjörnur: 9 af 10.



Naomi Watts

► Það geislaði af nýbökðu móðurinni og kærustu Heaths Ledger, Michelle Williams, á frumsýningu Brokeback Mountain. Þetta er svona fiftís hús-móðirin mætir óþekku stúlkunni-kjóll. Michelle hefur breyst eftir að hún varð móðir og það til hins betra. Hún hefur breyst í fallega konu. Tískulöggan er að fíla það.

Stjörnur: 9 af 10.

Michelle Williams

◀ Litla sæta Naomi er alltaf glæsileg en það er eitt-hvað við þennan kjól sem er ekki alveg að virka. Hann er of síður og of víður á hana. Hún þarf að vera í fótum sem fylgja línunum líkama hennar því hún er svo lítil og þen. En þetta er alls ekki ljótur kjóll. Tískulöggan heldur samt að hann færi áströlsku vinkonunni hennar, Nicole Kidman, örlítið betur. Stjörnur: 5 af 10.

RAYMOND WEIL

GENEVE

www.raymond-weil.com

GLÆSILEGT ÚRLVAL AF GULL- OG DEMANTSSKARTGRIPUM.



43 DEMANTAR VERÐ 99.500.-

HERMANN JÓNSSON [



] VIÐ INGÓLFSTORG

551 3014

hjwatch@simnet.is



Flottustu leikhúspörin

Þetta fólk er hæfileikaríkt, fallett og frá-bærir leikarar og kynntist í gegnum leiklist-ina. Hér & nú valdi 10 heit-ustu leiklistar-pörin.

LÍFSSTÍLL

ÁST Á FJÖLUNUM



EGILL ÓLAFSSON OG TINNA GUNNLAUGSDÓTTIR

Eru gullpar leiklistarinnar og hafa leikið í ýmsum verkum og kvikmyndum. Tinna er nú þjóðleikhússtjóri og Egill er óstöðvandi í Stuðmönnum. Flott hjón með mikla hæfi-leika.

NÚMER 1

BJÖRN HLYNUR OG RAKEL GARDARSÓTTIR

Heitasta parið í dag. Björn Hlynur nýtur mikillar hylli meðal kvenþjóðarinnar enda stórmyndarlegur maður. Björn Hlynur er einn af leikurunum í leikhópnum Vesturport sem hefur notið mikilla vinsælda undanfarið fyrir frábær verk á borð við Rómeó og Júlíu og Woyzeck. Rakel er ekki leikari en er framkvæmdastjóri Vesturports og eigum við eflaust eftir að sjá meira af þeim í framtíðinni.

NÚMER 2



NÍNA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR OG GÍSLI ÖRN GARDARSSON

Sætasta leikaraparið í bænum. Þau kynntust í Leiklistar-skólanum og hafa verið saman síðan. Þau léku meðal annars Rómeó og Júlíu í uppsetningu Vesturports sem sló í gegn bæði hér á landi og erlendis og leikstýrir Gísli nýjasta verki þeirra, Woyzeck. Þau eru bæði fallett og hæfileikarík.

NÚMER 3

ÁLFRÚN ÖRNÓLFSDÓTTIR OG FRÍDRIK FRÍDRIKSSON

Eru fallett par. Þau kynntust á síðasta ári og hafa verið óaðskiljanleg síðan en þau léku meðal annars bæði í leikritinu Fame. Í viðtali við DV segir Álfrún þau vera dugleg að rækta ástina.

NÚMER 4



ATLI RAFN SIGURÐSSON OG BRYNHILDUR GUÐJÓNSDÓTTIR

Eru heillandi par. Brynhildur hefur notið góðs gengis í þættinum Stelpurnar á Stöð 2 og þykir fara á kostum í grínleik en ekki hefur hún síður heillað áhorfendur í Edith Piaf. Atli fer með aðahlutverkið í leikritinu Halldór í Hollywood sem sýnt er í Þjóðleikhúsinu um þessar mundir og er einn af efri-legustu leikurum landsins.

NÚMER 5

ESTHER THALIA CASEY OG ÓLAFUR EGILL EGILSSON

Hafa verið saman í mörg ár og eru bæði miklum hæfileikum gædd. Ólafur vinnur mikið með Vesturporti og þykir fara á kostum í bæði Woyzeck og Rómeó og Júlíu en Esther söng sig inn í hjörtu ungra stúlkna þegar hún söng titillagið í söngleiknum Fame.

NÚMER 6



TINNA HRAFNISDÓTTIR OG SVEINN ÞÓRIR GEIRSSON

Eru sæt saman. Sveinn hefur leikið í fjölmörgum sýningum á vegum Borgarleikhússins og Tinna, dóttir Hrafn Gunnlaugssonar, hefur ekki langt að sækja leiklistarhæfileikana enda úr stórra leiklistarfjölskyldu.

NÚMER 7



UNNUR ÖSP STEFÁNSDÓTTIR OG BJÖRN THORS

Kynntust í menntaskóla og hafa verið saman þó nokkuð lengi. Þau léku bæði í Hárinu og slógu þar í gegn. Þau eru ung og hæfileikarík og eiga framtíðina fyrir sér í leiklistinni.

NÚMER 8



SELMA BJÖRNSDÓTTIR OG RÚNAR FREYR GÍSLASON

Kynntust á sviðinu er þau léku í söngleiknum Grease og hafa verið saman síðan. Selma hefur verið fulltrúi Íslands í Eurovision og staðið sig með þryði á meðan Rúnar hefur farið út í pólitíkina.

NÚMER 9




STEINUNN ÓLÍNA ÞORSTEINSDÓTTIR OG STEFÁN KARL STEFÁNSSON

Hafa nóg fyrir stafni. Þau búa í Los Angeles og eru á fullu við skriftir og að meika það í Hollywood. En þau trúlofuðu sig ekki fyrir svo löngu í beinni útsendingu hjá Sirry.

NÚMER 10




**Loksins
kominn með
kærustu!**



Shaun Robinson Er slúður-
fréttakona í Hollywood og
mætti í afmælisveislu nýlega
með Eddie upp á arminn.

NYJU ÞÖRIN

Sleppa ekki takinu á hvort öðru
Íslandsvinurinn Jamie Bell og leik-
konan Rachel Evan Green eru ást-
fangin. Þau kynntust við gerð mynd-
bandsins *Wake Me Up When Septem-
ber Ends* með Green Day og
hafa ekki litið af hvort öðru síðan.



Robin Givens Hefur
einnig verið orðuð við
Eddie Murphy en hún var
eitt sinn gift Mike Tyson.

Hollywood SKUBBIÐ

Íslandsvinurinn Jamie Bell hefur loksins náð sér í kærustu og það er engin önnur en Rachel Evan Green sem sló svo eftirminnlega í gegn í kvikmyndinni *Thirteen*. Þau kynntust við gerð myndbandsins *Wake Me Up When September Ends* með Green Day.

Grínleikarinn Jack Black hætti skyndilega með konunni sinni til margra ára Lauru Kightlinger til þess að vera með Tönyu Haden.


En parið var mjög innlegt á frumsýningu *King Kong* nú á dögunum.

Par ársins er án efa Jon Voight og Diana Ross. Þvílík blanda. Það verður gaman að sjá hvort Angelina og pabbi hennar Jon sættast. Þá verður Diana Ross stjúpmóðir hennar.

Leikarnir Ryan Gosling og Rachel McAdams úr kvikmyndinni *The Notebook* áttu í svaka-

legu ástarsambandi í myndinni og hefur ástarsblossinn kviknað á milli þeirra eftir að tókum á myndinni lauk.

Eddie Murphy skildi nýlega við eiginkonu sína til margra ára. Hann hefur sést með hinum og þessum konum og síðast með einni óþekktri. Við munum fylgjast nánar með Eddie og hvaða heppna kona stelur hjarta hans í framtíðinni.



Par ársins
Er án efa Jon
Voight og Diana
Ross. Hérna eru
þau í galaveislu í
New York.



Ástriðufull Ryan og Rachel endurtaka kossinn fræga úr kvikmyndinni *The Notebook*.



Ryan Gosling og Rachel McAdams Léku saman í myndinni *The Notebook* sem allar konur ættu að sjá. Þau léku þau elskendur og hafa síðan fellt hugi saman í alvöru.

Ást og meiri ást!



Svaka koss Rachel og Ryan kyssast fyrir myndavélamar. Þau hafa greinilega kysst svo mikið að ástarblossinn hefur kviknað á milli þeirra eftir gerð myndarinnar.


GEISLA AF ÁST



Með óþekktri konu Hérna sést Eddie Murphy fara úr eftirpartí með óþekktri konu. Þau virðast vera meira en vinir því eins og sést haldast þau í hendur.



Grínistinn ástfanginn Jack Black er ekkert að grínast með ástina í lífi sínu. Jack hætti nýlega með kærustu sinni til níu ára Lauru Kightlinger til þess að vera meði með Tönyu Haden.



Gott að kyssa Jack Black smellir koss á kærustu sína til tveggja mánaða Tönyu Haden.

Tónlistarkonan Ragnheiður Gröndal kaupir oft notuð föt

Dregur fram kvenleikann

„Ég keypti þennan gyllta bol í Spútnik. Pilsíð er líka keypt í Spútnik og ég nota það mjög mikið og það passar við allt. Ég á nokkur fleiri pils með svona sniði. Mér finnst það draga fram kvenlegu línurnar.“

GAMAN AÐ FÖTUM



Góð fyrir veturinn „Hin amma mín heitin, Guðfinna Guðlaugsdóttir, átti þessa hlýju loðhúfu. Húfan er alveg ekta fyrir veturinn, hlý og mjúk. Hún er úr einhvers konar skinni, gæti verið refaskinn.“

Undanfarið hef ég verið að halda tónleika úti um allt og fylgja eftir nýju plötunni minni,“ segir tónlistarkonan Ragnheiður Gröndal. After the rain kom út í nóvember og er fyrsta plata Ragnheiðar þar sem hún semur sjálf öll lög og texta. „Platan hefur fengið mjög góða dóma,“ segir Ragnheiður. „Hún er tilnefnd til íslensku tónlistarverðlaunanna og það er mikill heiður og ég er ofsalega þakklát. Það var mjög skemmtilegt að búa til plötuna. Ég fékk að ráða hvernig hún átti að vera og gerði hana á mínum forsendum,“ segir Ragnheiður ánægð með útkomuna.

Mesta tónleikahaldinu fer að ljúka og þá getur hún farið að einbeita sér að jólaundirbúningnum. „Nú fer ég að huga að því að baka og búa til konfekt,“ segir hún. „Ég er mikið jólabarn og ætla að eyða þeim í faðmi fjölskyldunnar, borða góðan mat og lesa.“ Spurð um jólaminningu sem stendur upp úr, rifjar Ragnheiður upp: „Jólin þegar ég var sex ára eru eftirminnileg. Ég var lasin og voða lítill í mér. Ég fékk að taka upp einn pakka fyrir matinn, það var rosalega spennandi. Í pakkanum var upptökutæki og ég skemmti mér konunglega öll jólin við að búa til útvarpsþætti og taka viðtöl við fjölskyldumeðlimi, við gríðarlega ánægju viðstaddra.“

Texti: Sunna Finnbogadóttir – DV-mynd: Valli

Amma átti kjólinn „Þessi kjóll er alveg uppáhalds. Amma mín heitin, hún Sigríður Hafstein, átti kjólinn. Hann hafði verið uppi á lofti hjá föðursystur minni í einhverri tíma og nýlega gaf hún mér hann. Það er svo skemmtilegt að hann smellpassar á mig. Mér þykir gaman að eiga fót með sögu og sál.“

Keypt í Köben „Pennan kjól keypti ég nýlega í Köben. Ég keypti hann í búð sem selur fót eftir skandinaviska hönnuði. Hann er úr einhvers konar silki. Venjulega eyði ég ekki stórum upphæðum í fót og kaupir frekar notuð fót, en ég stóðst ekki freistinguna. Ég veit að ég á eftir að nota hann mjög mikið. Við kjólinn er ég í svörtum þröngum gallabuxum.“

LÍFSSTÍLL

MEÐ SÖGU OG SÁL

Kaupir notuð fót „Ég keypti kúreastígvélin í London. Þau eru svolítið spes, með fullt af falllegum steinum á. Mótorhjólástígvélin keypti ég í Bianco og hef varla farið úr þeim síðan ég fékk þau. Þau passa við allt og eru mjög þægileg. Svörtu skóna með hjörtunum nota ég frekar lítlið, en þessa gylltu nota ég mjög mikið og þeir eru í miklu uppáhaldi. Þeir eru líka úr Bianco. Grænu skóna notaði ég mikið á meðan támfjór skór voru sem mest í tísku. Ég kaupir mikið af notuðum fötum, en þegar kemur að skónum vanda ég valið og kaupir mér nýja.“



After the rain Nýi diskurinn hennar Ragnheiðar hefur fengið mjög góða dóma og er tilnefndur til íslensku tónlistarverðlaunanna.

SPURNINGAKEPPNI



Það verður að segjast að Pétur Jóhann kom á óvart í þessari keppni. Engu að síður tapaði hann fyrir Ásgeiri sem slátrar hverjum keppandanum á fætur öðrum.

1. Hvað heitir ný plata Skítamóral's?
„Hún heitir Má ég sjá.“

2. Tónlistarmaðurinn Rocco DeLuca er á leið hingað til lands, hvaða heimsfrægi maður kemur með honum?
„Ahhh... nei, ég er ekki með þetta.“

3. Hvað heita ritstjórar Séð og heyr't?

„Er það ekki pabbi hans þarna leikara... Kristján Þorvaldsson og Bjarni Brynjólfsson.“

4. Hver er ritari forseta Íslands?
„Pass, ég hef ekki hugmynd.“

5. Hver leikstýrir Stelpunum á Stöð 2?

„Það er Óskar Jónasson.“

6. Hljómsveitin Írafar styrkti nýverið ákveðin samtök með tónleikahaldi. Hvaða samtök eru það?

„Einstök börn.“

7. Hvað er mikill aldursmunur á Ölmu í Nylon og kærasta hennar, Óskari Páli Sveinssyni?

„Það eru 21 eða 22 ár.“

8. Hvaða frægi tónlistarmaður var skotin 8. desember árið 1980?

„John Lennon.“



9. Hvað heitir félagi Eiðs Smára sem nýverið talaði um spilafíkn sína í ævisögu sinni?

„Var það ekki hann þarna Hasselbaink?“

10. Einar Bárðarson varð á árinu umboðsmaður einnar frægustu óperusöngkonu heims, hver er það?

„Ég fór á þessa tónleika, hún heitir Kiri eitthvað.“

11. Hver er eiginmaður menntamálaráðherra?

„Það er handboltakappinn Kristján Arason.“

12. Við hvað vinnur Hannes Smáráson?

„Ha, á hann ekki kertaverksmiðju í Hafnarfirði? Nei, þetta er þarna Actavis-karlinn.“

13. Hvað heitir nýjasta skáldsaga Hallgríms Helgasonar?

„Ég las inn þessa auglýsingu, er það ekki Rokland?“

14. Hvað heitir dóttir Jakobs Frímanns og Ragnhildar Gísladóttur?

„Hún er allavega Jakobsdóttir... Bryndís.“

15. Hvað er Heiðar Austmann gamall?

„Hann er 28 ára.“



RÉTT SVÖR

1. Má ég sjá 2. Kíeler Sütherland 3. Bjarni Brynjólfsson og Kristján Þorvaldsson 4. Örnólfur Thorsson 5. Óskar Jónasson/Ragnar Bragason 6. Einstök Börn 7. 18 ár 8. John Lennon 9. Jimmy Floyd Hasselbaink 10. Kiri Te Kanawa 11. Kristján Arason 12. Stjórnarformaður FL-Group 13. Rokland 14. Bryndís Jakobsdóttir 15. 28 ára

Ásgeir Kolbeins

FRÆGA FÓLKSINS

1. Hvað heitir ný plata Skítamóral's?

„Hún heitir hvað aftur, Má ég sjá, hún liggur hérna á borðinu hjá mér.“

2. Tónlistarmaðurinn Rocco DeLuca er á leið hingað til lands, hvaða heimsfrægi maður kemur með honum?

„Hef ekki hugmynd.“

3. Hvað heita ritstjórar Séð og heyr't?

„Úfff, Bjarnólfur eða eitt-hvað og Þór, nei, ég veit það ekki.“

4. Hver er ritari forseta Íslands?

„Hvað er að ykkur? Dorrit!“

5. Hver leikstýrir Stelpunum á Stöð 2?

„Óskar Jónasson, Ragnar tekur við næstu seríu.“

6. Hljómsveitin Írafár styrkti nýverið ákveðin samtök með tónleikahaldi. Hvaða samtök voru það?

„Uhhh... mig minnst að það hafi verið Langveik börn.“

7. Hvað er mikill aldursmunur á Ölmu í Nylon og kærasta hennar,

Óskari Páli Sveinssyni?

„Það eru 18 ár.“

8. Hvaða frægi tónlistarmaður var skotin 8. desember árið 1980?

„Var það ekki Lennon?“

9. Hvað heitir félagi Eiðs Smára sem nýverið talaði um spilaðikn sína í ávisögu sinni?

„Hasselbaink.“

10. Einar Bárðarson varð á árinu umboðsmaður einnar frægustu óperu-söngkonu heims, hver er það?

„Ég segi bara pass. Var það Sisselbogh?“

11. Hver er eiginmaður menntamálaráðherra?

„Kristján Arason.“

12. Við hvað vinnur Hannes Smárason?

„Hann er stjórnarformaður FL-Group.“

13. Hvað heitir nýjasta skáldsaga Hallgríms Helgasonar?

„Ohh... það er eitt-hvað svona Sauðárkróksbörn eitthvað, þetta er eitt-hvað um það allavega.“

14. Hvað heitir dóttir Jakobs Frímans og Ragnhildar Gísladóttur?

„Ekki hugmynd.“

15. Hvað er Heiðar Austmann gamall?

„Hann er ágerð 1979, ég segi það.“



Ásgeir Kolbeinsson – 11 rétt

Pétur Jóhann Sigfússon – 7 rétt

Pétur tók tapinu þó vel og skoraði á sjálfan Guðmund Steingrímsson sem mun án efa veita Ásgeiri mikla keppni í næsta blaði.

vs. **Pétur Jóhann**

Ólöf Rún Skúladóttir á jólaglöggi RÚV



Bleik Ólöf Rún situr hér við hlið Ara Sigvaldasonar og er glæsileg í bleiku.

BEIB Í BLEIKU



Fréttakonan Ólöf Rún Skúladóttir var glæsileg á jólaglöggi RÚV sem haldið var um síðustu helgi. Þar fór meðal annars fram spurningakeppni þar sem Sigmar Guðmundsson fór á kostkostum sem spyrrill.

Flottir Sigmar Guðmundsson og Kristján Kristjánsson voru brosmildir og sælir.

Pétur Blöndal alþingismaður var flottur á jólagleði Kramhússins sem haldin var í Borgarleikhúsinu.



Dóttirin Dagný dóttir Péturs stillti sér upp með þabba sínum sem var glæsilegur.

FLOTTUR

BLÖNDAL



Alveg eins Pétur Blöndal og Carlos danskennari voru alveg eins.



Til hamingju!
Andrea Róberts
smellir kossi á
Hemma.



Meiri varalit Ingibjörg Sólrún
Gisladóttir bætir á sig varalit á
jólagleði 365. Eiginmaður
hennar Hjörleifur Sveinbjörns-
son vinnur hjá fyrirtækinu.

Afmælisbarn Hermann
Gunnarsson átti afmæli á
föstudaginn og var vel tekið
á móti honum á jólagleði 365
þar sem starfsmenn fyrirtækis-
insungu fyrir kappann en
hann varð 59 ára. Andrea
Róberts sat við hlíðina á af-
mælisbarninu. Ekki amalegur
félagsskapur það.

FJÖLDASÖNGUR FYRIR HEMMA GUNN

Það var stappað á jóla-
hlaðborði 365 um helg-
ina og heljarinnar fjör.
Helgi Björns mætti og söng
fyrir lýðinn og matur var að
allra mati frábær. Svo komu
plötusnúðarnir Gullfoss og
Geysir og héldu stemningunni
uppi langt fram á kvöld.

Maður kvöldsins var þó
sjálfur Hermann Gunnarsson
sem átti afmæli og var sungið
hátt fyrir kappann.

H&N-mynd Ómar V.

Á fimmtudaginn í síðustu viku hélt Geiri á Goldfinger
partí með stelpunum sínum. Þar kynnti hann dagatal
staðarins fyrir árið 2006. Dagatöl Geira hafa í gegn-
um tíðina verið vinsæl í vinnuskúrum og káetum.
Dagatalið fyrir næsta ár er einkar glæsilegt og
heppnaðist kynningin vel.

GEIRI

Á GULL-

FINGRINUM

Flottur Geiri og
stelpurnar héldu fínt
partí á Goldfinger.

Kóngurinn
Geiri var flottur
með stelpurnar
í kringum sig.

Flott Þær eru
margar glæsi-
legar stelpurnar
hjá Geira.

Frank Höybye
bílasnillingur
Hér & nú ætlar að
búa til glæsikerru
af bestu gerð

FRANK &
FARARTÆKIN

Frank Höybye og bíllinn
Lincoln Continental árgerð
1969 sem Frank keypti fyrir
einu og hálfu ári.

DRAUMABÍLLINN TEKINN Í

Skemmtileg og öðruvísi bílaumfjöllunum hefur nú göngu sína í Hér & nú. Það er enginn annar en Frank Höybye sem mun sýna okkur skrýtna, nýja eða flottustu bílana í bænum í næstu tölublöðum. Frank er með bíladellu á hæsta stigi og ætlar að þessu sinni að sýna okkur Lincoln Continental árgerð 1969 sem hann keypti sér fyrir einu og hálfu ári. Hann ætlar að taka kaggann í gegn og láta draum sinn verða að veruleika.

Þetta er Lincoln Continental árgerð 1969. Bíllinn er í góðu lagi en hann er ljótur,“ segir Frank Höybye og hlær. „Stefnan er að mála hann í vetur og setja 20 tommu krómaðar álfelgur á hann og koma honum í 100 prósent ástand. Ég er ekki búinn að ákveða nákvæmlega hvað ég geri en þetta er flottasti bíllinn að mínu mati.“

„Það er hugsanlegt að þetta sé bara draumur að gera hann upp en ég er búinn að eiga hann í eitt og hálf ár. Keypti hann hérna heima en þá var nýbúið að flytja hann inn.“ Frank segist ekki ætla að gera hann upp til þess að selja hann. Og Frank útskýrir það best sjálfur: „Hann hefur meira tilfinningalegt gildi en peningalegt.“

Texti: Hanna Eiríksdóttir H&N-mynd: Heiða

Bíladella Frank hefur ávallt verið með bíladellu og á sjálfur 12 bíla.



Draumabíllinn Frank verður fluttur á götunni næsta sumar er bíllinn verður tilbúinn.



Fluttur Frank tekur sig vel út í Lincoln-inum.

GEGN

Krómi!



Fyrirmyndin Er þessi Lincoln Continental. Frank er þó ekki viss hvort hann ætli að mála hann svartan en það kemur alveg til greina.

FYRIRMYNDIN

- Lincoln Continental
- 462 cc vél
- 8 sílindra vél
- Suicide-hurðar eða kidnapping
- Fimm og hálfur metri á lengd
- Mikið af krómi

Klassískur bíll Continental-bíllinn er fimm og hálfur metri á lengd.



ALVÖRU FÓLK

KERTASNÍKIR OG HURÐASKELLIR Í UPPÁHALDI

Július Júlíusson er
mikið jólabarn og hann
heldur úti Jólavef Júlía

Kaupfélagið Júlía
kemst í jólaskap þegar
kveikt er á jólastjörnunni
á kaupfélagshúsinu.



Jólabarn!

**Hlakka til Öll fjöl-
skyldan** er orðin
spennt fyrir jólnum.



Jólin koma Júlía er þessa
dagana á fullu við að bæta
við efni á jólavefinn enda
stutt í hátíðirnar.

Jólaleg feðgin
Júlía og Valgerður
María leika sér úti
í snjónum.

Ég er svakalega mikið jólabarn," segir Júlía Júlíusson sem heldur úti Jólavef Júlía. Júlía býr á Dalvík með fjölskyldu sinni. „Þetta eru sjöundu jólin sem ég held úti þessum vef. Það er mikið af Íslendingum sem eru búsettir erlendis sem skrifa mér og skoða mikið á síðunni.“

Stöðugt að uppfæra

„Ég uppfæri síðuna mjög reglulega í nóvember og desember," segir Júlía, en síðan er mjög yfirgripsmikil og þar er að finna bókstaflega allt sem tengist jólnum. „Þetta byrjaði allt saman þannig að ég var að dunda við vefsíðugerð og hélt úti nokkrum síðum um hitt og þetta," segir Júlía. „Ég þurfti að safna saman upplýsingum um jóla-síði hér á Dalvík og þá kviknaði hugmynd að jólavef. Ég reyni að hafa allt um jólin þarna inni.“

Góðar jólaminningar

Hvað er það við jólin sem heillar Júlía mest? „Það er bara öll þessi fegurð í kringum jólin sem heillar mig," segir Júlía. „Mér finnst jólin vera að koma þegar kveikt er á jólastjörnunni á kaupfélagshúsinu, en hana sá ég alltaf úr glugganum í herberginu mínu í Höfn þar sem ég átti heima sem strákur. Ég man eftir mér ungum dreng í byrjun aðventunnar, á flakki um bæinn að telja aðventuljósin.“ Júlía notar frítíma sinni að nostra við síðuna sína, en hún er áhugamál hans og á henni eru engar auglýsingar og hún er ekki styrkt af neinum nema Júlía sjálfum.

Uppáhaldsjólasveinarnir

„Ég er orðinn mjög spenntur fyrir jólnum núna, það er fallett og jólalegt um að litast á Dalvík núna," segir Júlía ánægður. „Það er langt síðan það hefur verið í nokkra daga samfleytt svona stillt veður, nýfallinn snjór yfir öllu og allt hvítt og fallett.“

En hvaða jólasveinn ætli sé í mestu upphaldi hjá jólabarninu? „Þeir eru allir flottir þessir sveinkar," segir Júlía, en bætir því við að það séu kannski tveir í meira upphaldi en aðrir. „Kertasníkir, af því að hann er einhvern veginn ferskastur í minningunni og svo er það Hurðaskellir. Hann er svo hrekkjóttur, það fer svolítið fyrir honum og þannig á það að vera. Börn stór og smá þurfa að vera aðeins þínu smeik við blessaða kartana.“

Hægt er að skoða jólavefinn á <http://julli.is/jolavefur.htm>.

Texti: Sunna Finnbogadóttir
DV-mynd: Júlía Júlíusson

Kæru konur!

Mig langar til að vitna í þau hjón, Allan og Barböru Pease sem segja í formála að bók sinni, **ÁSTÆÐUR ÞESS AÐ KARLAR LJÚGA OG KONUR GRÁTA:**

„Kannski **verða** karlar og konur eins einhvern daginn. Kannski finnst konum gaman að horfa á kappakstursbíla aka hring eftir hring og kannski verður litið á búðarferð sem líkamsrækt. Kannski verða allar klósettsetur negldar niður, kannski tala konur einungis á meðan auglýsingar eru og karlar lesa **Playboy** aðeins fyrir bókmenntalegt gildi.

Við efumst um það – að minnsta kosti gerist það ekki á næstu árpúsundum. Þangað til skulum við halda áfram að skilja, hafa stjórn á og læra að þykja vænt um mismun okkar. Afleiðingin verður sú að við fáum ást og væntumþykju til baka. *Njótíð bókar okkar!*“

Ég segi slíkt hið sama og þakka ykkur af öllu hjarta fyrir frábærar móttökur bóka okkar; **PÚ ERT ÞAÐ SEM PÚ BORDAR**, hefur þegar selst í 2.000 eintökum og **ÁSTÆÐUR ÞESS AÐ KARLAR LJÚGA OG KONUR GRÁTA** og **SVIK** eru nálega á þrotum hjá forlaginu.

Fyrir hönd Bókaútgáfunnar Hóla óska ég ykkur öllum **gleðilegra jóla**.

Með kærri lestrarkveðju,
Jón Hjaltason.



BÓK TIL BETRA SAMLÍFS

Bókin sem hjálpar körlum að skilja konur og konum að skilja karla.

Innsæi og hlýleg kímni gáfa, einkenni þessa löngu tímabæru bók.

Bókin sem bætir samskipti kynjanna og gerir hjónabandið betra.



BÓK TIL SPENNU

Karin Alvtegen er tveggja barna fráskilin móðir. Bækur hennar hafa verið þýddar á yfir 20 tungumál. Hún hefur hreppst Glerlykilinn og SVIK var 2003 tilnefnd sem besta sænska spennusagan. Karin er ekki rithöfundurinn í fjölskyldunni, sjálf Astrid Lindgren var náfrænka hennar.

„Þetta er bók fyrir spennufíkla“

Dagbladet

„Svik lætur hárin rísa“
Expressen



BÓK TIL BETRI HEILSU

Bókin sem breytir lífi þínu og kennir þér að þekkja líkama þinn og leggja af.

Lestu heillaráðin tuttugu.

Metsölubók!

6. sæti
Morgunblaðið 17. nóv.
Almennt efni

7. sæti
Mál og menning,
Eymundsson, Penninn
Handbækur
9-15. nóv.

**ÖNNUR PRENTUN
KOMIN Í VERSLANIR**

HÓLA-BÆKUR

**Fróðlegar
og skemmtilegar
– og alltaf svolítið meira**



BÓKAÚTGÁFAN HÓLAR

Ragnheiður Gísladóttir hjá Kaffitári í Bankastræti býr til ljúffenga kaffidrykki



Girnilegt!

Ljúffengt Ragga hjá Kaffitári býður upp á girnilega kaffiuppskrift.

ILMANDI JÓLAKAFFI



Ilmandi Appelsínubörkur gefur ljúfan jólaílm.

Við erum komin í mikið jólas-
skap,“ segir Ragnheiður
Gísladóttir hjá Kaffitári í
Bankastræti, en þar leggur jóla-
lykt út um gættina. Ragnheiður
býður lesendum Hér & nú upp á
ilmandi góða jólakaffiuppskrift
sem allir ættu að geta prófað
heima hjá sér.

Jólakaffi Röggu

(Fyrir tvo)

EFNI:

- 2 litlir espressobollar (einnig er hægt að nota sterkt mokaönnukaffi)
- 1 tsk. hrásykur
- 2 dl. G-mjólk
- 2 tsk. Amaretto-sýróp frá Da Vinci gourmet
- Saxaður appelsínubörkur

AÐFERÐ:

Hrærið hráskyurinn saman við kaffið. Flóíð og freyðið mjólkina með sýrópinu út í. Einnig er hægt að nota tvo til þrjá dropa af möndludropum í staðinn fyrir sýrópið. Hellið mjólkinni út í kaffið og raspið appelsínubörk yfir. Börkurinn gefur ofsalega góðan jólaílm. Njótið vel!



Jólalegt Gott kaffi á notalegu vetrarkvöldi.



Ragnheiður Gísladóttir
Býður lesendum upp á jólalegan kaffidrykk.



Ævintýranleg stemming



Mikið úrval af fallegri gjafavöru

Ingólfstræti 8 • Sími 551 5155

Lesið í lófa

Dóra Takefusa



GERIR KRAFTAVERK

Elly Ármanns
hjá spamadur.is les í
lófa fræga fólksins.



 SPÁMAÐUR.IS

Margir kunna að skilgreina lófa-
lestur sem skilaboð örlaganna en
við minnum á að hér er einungis
um dægradvöl að ræða. Lófalestur
krefst nákvæmrar skoðunar þar

sem línur og tákni sem koma fram í
hendi hvers og eins þurfa ekki að
koma fram hjá öðrum. Þegar lesið
er úr lófa tengir maður saman upp-
lýsingarnar sem hendurnar veita.

Hönd Dóru Takefusa segir frá eðliseigin-
leikum hennar, styrkleikum og veikleikum
og ekki síst erfðafræðilegum þáttum.

1 Örlagalínan (1) segir til um orkuna
sem Dóra býr yfir. Hún hefur viljann
til afreka (auðlesið í lófa hennar). Til
fróðleiks er gaman að geta þess að
línan segir til um lánsemi hennar en lestur
örlagalínunnar byggist á því hvar hún hefst
og hvar hún endar í lófanum.

2 Júpítarkúfur (2) endar í lófa Dóru og
það sýnir að þessi kona getur gert
kraftaverk með hugsuninni einni. Hún
er líka ein af þeim sem getur mótað líf sitt í
þágu eigin þarfa – fyrir sjálfstæði og vel-
gengni. Svo er sérstakt að uppgötva að
hún getur áreynslulaust aðlagast venjum
og lífi þeirra sem henni þykir vænt um
(kostur). Þegar lesinn er þríhyrningur (sjá mynd) úr
Júpítarkúfi er viðkomandi fær um að láta
drauma sína rætast. Lófinn sýnir einnig að
Dóra er viðkvæmari en margan grunar
(töfari út á við en að innan yndislega ljúf,
blíð og góð). Hún er sjálfstæð, hugrökk,
metnaðargjörn, yfirveguð, þrjósök, traust og
viljasterk.

3 Armbönd (3) myndast á þessu svæði
hjá öllum; rendur eða línur, yfirleitt
tvær eða þrjár talsins. Hjá Dóru eru
línurnar (armböndin) mjög skýrar og bilið
milli þeirra er töluvert (sjá mynd) sem segir
til um ótta hennar við að vera særð á til-
finningasviðinu (fyrirnefnd viðkvæmni). Hún
veit að lífinu fylgja engar tryggingar, ekki
einu sinni til styttri tíma en hún er ákaflega
trú og góð þeim sem hún elskar því hún er
mjög ábyrgðarfull manneskja, opin og
ástríðufull á jákvæðan máta.

4 Líflína (4) Ef líflínan er tvöföld, eins
og í hennar tilfelli, segir hún til um
lífsþrótt, skipulagshæfni og gott
minni. Dóra er stálminnug á smæstu smá-
atriði. Lífsglöð er hún og fyndin.

Þessi fallega kona stefnir ákveðin að settu
marki og það er eins og hún „heili“ fólk
eingöngu með nærveru sinni (sjaldséd).
Dóra er töfrakona sem getur læknað
særða og sjúka og eins og hendi sé veifað
skapar hún fallett og notalegt umhverfi
með nærveru sinni einni saman. Hún ætti
að fylgja draumum sínum eftir af kappi og
muna að morgundeginum fylgja óteljandi
tækifæri.



Örlagalína

1



2

Júpíterkúfur

4

Líflína

Armbönd

3

Blikksmiðurinn Hjálmar Diego missti allt sitt í bruna fyrir tæpu ári. Hann og konan eru nýbúin að missa vinnuna, klessa bílana og eiga von á barni. Nú eyða þau öllum sínum tíma í að gera upp húsið sem brann.

Hjálmar Diego Er að endurbyggja húsið sem brann í febrúar. Stefnir á að komast inn fyrir júl.

Mögnuð saga

VIÐBURÐARÍKT ÁR

- Húsið brann
- Bíllinn ónýtur
- Atvinnulaus
- Á von á barni

NÝJA HÚSIÐ MITT HVARF Á TUTTUGU MÍNÚTUM

Rjúpnafell 22 „Uppþvottavélin komst ekki undir innréttinguna og því þurfti ég að vaska upp eftir matinn. Ég nennti því ekki og bauð henni út að borða á Red Chillí.“



” **Þetta var ansi svart en maður hefur komist yfir þetta, maður á sál í þessu húsi núna.** ”

Uppþvottavélin komst ekki undir innréttinguna og því þurfti ég að vaska upp eftir matinn. Ég nennti því ekki og bauð henni út að borða á Red Chillí,“ segir blikksmiðurinn Hjálmar Diego sem fékk símtal þegar hann beið eftir borði fyrir tvo. „Það var kona í símanum sem sagði húsið í ljósum logum, ég hélt hún væri að grínast en hoppaði út í bíl og steig bensínið í botn,“ segir Hjálmar um hinn orlagaríka dag 27. febrúar 2005. Það kviknaði í út frá ljóssastæði inni í eldhúsi þar sem Hjálmar var nýbúinn að skipta um kúpul. Hjálmar og konan hans Ingiríður Blöndal voru nýflutt inn og allt innbúið var í kössum um alla íbúð. „Ég lagði bílnum nokkuð frá og það voru þung spor að ganga að húsinu. Ég spurði sjálfan mig



Gerir upp Húsið brann í febrúar og Hjálmar hefur eytt lungunum úr árinu í að koma því í stand.



að því hvort þetta væri draumur. Allt dótið okkar varð bara að ösku á gólfinu og það var ekkert eftir nema einn bangsi sem dóttir mín átti,“ segir Hjálmar



en Tryggingamiðstöðin tók eitt-hvað dót og fór með í hreinsun. „Við erum ennþá að bíða eftir því og það er ekkert að gerast,“ segir hann.

Annað kjaftshögg

Húsið hvarf á tuttugu mínútum að sögn Hjálmars. „Ég sá þetta ekkert fyrr en daginn eftir í fréttatímanum og djöfulli logaði í þessu. Það sést ennþá á girðingunni úti í garði sem er fjóra metra frá húsinu, hitinn var svo gífurlegur.“ En hvað hugsar maður á svona stundu? „Við hugsuðum eiginlega ekki neitt. Það eina sem ég man eftir var að ég velti fyrir mér hvar ég ætti að sofa um nóttina. Þetta var ansi svart en maður hefur komist yfir þetta, maður á sál í þessu húsi núna,“ segir Hjálmar sem hefur lent í veseni með tryggingarnar. „Það var annað kjaftshöggjið að eiga við tryggingarfélögin, þegar maður heldur að maður sé tryggður, þá er maður það ekkert.“

FRAMHALD Á NÆSTU OPNU

NÝJA HÚSIÐ MITT HVARF Á TUTTUGU MÍNÚTUM



Allt nýtt Húsið er nánast nýtt í dag en bruninn hefur haft gríðarlega fjárhagslegt tjón í för með sér fyrir Hjálmar og fjölskyldu.

Erfitt ár

Eftir brunann og vesenið með tryggingarnar hefur lífið hjá Hjálmar og Ingiríði verið ansi erfitt. Þó Hjálmar sé lærdur blikksmiður hefur hann verið í tölvubransanum í tíu ár og vann við það hjá Símanum. „Við kynntumst þar. Ég byrjaði árið 2000 en hún 1999. Mér var svo sagt upp störfum fyrir um mánuði og konunni í síðustu viku. Þetta er náttúrulega erfitt fjárhagslega, sérstaklega þegar maður er búinn að missa vinnuna. Það sem hefur gerst eftir þetta er að konan mín lenti í árekstri og var í órétti, sá bill er ónýtur. Svo lenti ég í smá ákeyrslu á nýja bílnum hans þabba og var heppinn að slasast ekki. Við misstum svo vinn-

una sem er sárt þar sem hún er komin fjóra mánuði á leið.“ En hvar ætlar Hjálmar að vinna? „Þegar stórt er spurt er oft fátt um svör, ég er tölvumaður og var kerfisstjóri, maður reddar sér alveg.“

Óléttri konunni sagt upp

Hjálmar og Ingiríður eiga eina dóttur saman, Soffíu Erlu, og svo átta Hjálmar soninn Hjálmar Arnar fyrir. „Ég hef oft grínast með dóttur okkar og sagt að Síminn láti það gerast, enda kynntumst við þar,“ segir Hjálmar en bætir við að ekkert fyrirtæki vilji ráða konu, sem er komin fjóra mánuði á leið, í vinnu. „Hún er náttúrulega með þriggja mánaða upp-

sagnarfrest, en hvað svo? Þetta kemur til með að skerða fæðingarorlofið heilmikið. Nú er maður bara að stússast í að koma húsinu í stand, við ætlum að reyna að komast inn fyrir 27. febrúar en þá er líðið ár frá brunanum,“ segir Hjálmar. „Þetta væri ekkert mál ef maður væri ekki einn í þessu með tengdapabba, það eru bara 24 tímar í sólarhringnum.“

Búa í iðnaðarhúsnæði

Hjálmar hefur einnig átt í smá deilu við Orkuveituna. „Ég fékk myndarlegan reikning frá þeim. Þó húsið væri brunnið héldu mælarnir ennþá að telja. Það er ekkert mál að sanna

þetta því húsið brann en þetta gengur mjög illa.“ Hjálmar og Ingiríður fengu 9,2 milljónir frá tryggingarfélaginu til að endurbyggja húsið. „Þetta kostar miklu meira. Það eru svona 3–4 milljónir í mínus en maður vinnur það upp.“ Hjálmar segir það sárasta í þessu öllu saman vera að leikföng barnanna brunnu öll. „Strákurinn minn er kannski að leita að einhverju dóti en fattar svo að það er horfið. Maður finnur þetta sjálfur stundum. Konan var að leita að sundbolnum sínum um daginn og svona.“ Nú búa þau í iðnaðarhúsnæði í Garðabænum en vonast til að komast inn í nýja



Einn Hjálmar og tengdapaðbi hans hafa verið að gera húsið upp og er hönnunin öll Hjálmars.



Ekkert grín Fyrst hélt Hjálmar að það væri verið að grínast í honum en áttaði sig svo á því að hann var ekki að dreyma.

Erfitt „Ég fékk myndarlegan reikning frá þeim. Þó húsið væri brunnið héldu mælarnir ennþá að telja. Það er ekkert mál að sanna þetta því húsið brann en þetta gengur mjög illa.“

húsið fyrir 27. febrúar þegar ár verður liðið frá brunanum.

Missti dóttur

Þó fjárhagslega tjónið sé mikið, þá er það eitt sem Hjálmar hefur fundið hvað mest fyrir. „Ég náttúrulega missti barn sem ég átti með annarri konu. Hún dó rétt eftir fæðingu og einu myndirnar sem ég átti af henni fóru allar. Manni finnst það eiginlega sárast,“ segir Hjálmar sem er bjartsýnn þrátt fyrir erfitt ár og vill koma á framfæri þakklæti til allra sem hafa hjálpað fjölskyldunni í þessum erfiðleikum.

” Þetta væri ekkert mál ef maður væri ekki einn í þessu með tengdapaðba, það eru bara 24 tímar í sólarhringnum. ”

Kristín Le (Kia) úr Ástarfleyinu opnar sig fyrir lesendum



Bleika hárið Kristín Le vekur mikla athygli fyrir þetta frábæra hár sitt.

Lærir spænsku „Ég er að læra spænsku, íslensku og ensku sem gengur mjög vel. Áður en ég fór í Ástarfleyið var ég búin að vera í skóla í Barcelona og langaði að halda áfram að læra spænskuna.“

Fór til Vietnam!



Á vespu í Vietnam Hér er Kia með mómmu sinni á vespu í Vietnam.



Á ströndinni Hér er Kia á ströndinni í Nha Trang.



Fjölskyldan Hér er Kia með pabba sínum og Elízu systur sinni árið 2002.



Vespugella Kia var mikið á vespunni sinni í Vietnam.

BLEIKA HÁRIÐ MITT FER

Ég flutti hingað þegar ég var tólf ára frá Vietnam,“ segir Kristín Le sem alltaf er kölluð Kia og hefur vakið mikla athygli í Ástarfleyinu. „Ég fór síðan til Vietnam fyrir þremur árum að heimsækja pabba minn og ferðaðist um landið, þá opnaðist fyrir

mér nýr heimur,“ segir Kia sem datt af Fleyinu í síðasta þætti. „Svona er bara leikurinn. Strákurinn sem ég var skotin í var ekki lengur á bátnum. Það var auðvitað leiðinlegt að kveðja krakkana en ég var eiginlega bara fegin að fá að fara,“ segir Kia sem er rosa-

lega hamingjusöm í dag og segir lífið yndislegt. En er hún komin með kærasta? „Þið verðið bara að horfa á þáttinn og dæma um það sjálf,“ segir Kia og hlær.

Lærir spænsku

Kia, sem er tuttugu og fjög-

urra ára, er á fullu í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti á málabraut. „Ég er að læra spænsku, íslensku og ensku sem gengur mjög vel. Áður en ég fór í Ástarfleyið var ég búin að vera í skóla í Barcelona og langaði að halda áfram að læra spænskuna.“



”

Hann Haukur sem var rekinn á sama tíma og ég er til dæmis bara lítill hvolpur inni í sér. Íslendingar eru ekkert búnir að kynnast þeirri hlöð á honum sem við höfum kynnst."

Fræg „Þegar maður fer út að skemmta sér eða út í búð sér maður fólk hvíslast á en ekkert meira en það. Þetta er líka svo lítið land að ég með þetta bleika hár á ekki að fara fram hjá neinum.“

ALVÖRU
FÓLK

Gaman á Fleyinu „Ég mæli með því að allir fari í svona þátt einu sinni á ævinni, bara til þess að prófa. Þetta var alveg frábært.“

EKKI FRAM HJÁ NEINUM

Þó Kia hafi dottið af Fleyinu í síðustu viku sér hún ekki eftir að hafa farið í þáttinn. „Ég mæli með því að allir fari í svona þátt einu sinni á ævinni, bara til þess að prófa. Þetta var alveg frábært.“

Eftir að þættirnir fóru í loftið

hefur Kia fundið fyrir smá at-
hygli. „Þegar maður fer út að
skemmta sér eða út í búð sér
maður fólk hvíslast á en ekkert
meira en það. Þetta er líka svo
lítið land að ég með þetta bleika
hár á ekki að fara fram hjá nein-
um.“

Lítill hvolpur

Kia er þögul sem gröfin þegar kemur að sögum af Ástarfleyinu, enda má ekki skemma þættina með einhverju blaðri. Hún segir sjónvarpið hins vegar ekki alltaf gefa rétta mynd af fólkinu.

„Hann Haukur sem var rekinn

á sama tíma og ég er til dæmis bara lítill hvolpur inni í sér. Íslendingar eru ekkert búnir að kynnast þeirri hlöð á honum sem við höfum kynnst. Ég held að það taki smá tíma fyrir hann að finna sjálfan sig,“ segir Kia brosmild að lokum.

Texti: Breki Logason og Jón Mýrdal

Eiginkona Geira á Goldfinger elskar fjölskylduna meira en lífið sjálft

**Elskar
kísur!**

Fjölskyldan og kettirnir

Jaroslava og Geiri með
kettina tvo, Cappuccino og
Espresso.

KYNN

**ALVÖRU
FÓLK**

Komin í jólaskap „Frá 1. desember er ég í jólaskapi,“ segir Jaroslava sem er búin að skreyta heimilið.

Lærir af dóttur sinni!

TIST GEIRA Í SPILAVÍTI

Ég hitti Geira í Eistlandi. Ég var að vinna á veitingastað og spílavíti. Það eru sjö og hálf ár síðan. Við erum búin að vera gift í sjö ár,“ segir Jaroslava Davíðsson eiginkona Ásgeirs Þórs Davíðssonar sem betur er þekktur sem Geiri á Goldfinger. En Jaroslava hefur ekki mikið sést í fjölmiðlum. Hún segist sjálf vera privat manneskja og lítið fyrir sviðsljósið.

„Ég hef aldrei verið í viðtölum eða í blöðunum. Ísland er mjög lítið land. Þetta er ekki fyrir mig. Mér finnst það ekki spennandi. En Geiri er mjög ánægður með það,“ segir Jaroslava og hlær.

Lærir af dóttur sinni

Jaroslava hefur náð mjög góðum tókum á íslenskrri tungu en hún talar einnig rússnesku og finnsku fyrir utan móðurmál sitt eistnesku. „Ég fór nokkrum sinnum í skóla hérna en lærði ekki neitt. Það gaf mér ekkert. Ég var með barnafataverslun á Lauga-

veginum í tvö og hálf ár og lærði að tala íslensku þar. Íslenskt fólk er svo yndislegt. Ég er mjög ánægð að vera hérna. Það er svo mikið öryggi hérna fyrir barnið mitt. Og ég er mjög ánægð með fjölskyldulífið mitt. Við eigum eina stelpu saman sem heitir Alexandra Katrín. Hún er sex ára og er í fyrsta bekk. Hún er líka mjög ánægð með lífið sitt,“ segir Jaroslava og bætir við:

„Alexandra talar bæði íslensku og rússnesku og talar miklu betri íslensku en ég. Mér finnst gaman að fylgjast með henni. Hún er alltaf að kenna mér eitthvað.“

Jaroslava segir fjölskylduna vera það mikilvægasta í lífinu og fer fögurum orðum um manninn sinn. „Geiri er mjög góður maður. Ég er mjög ánægð með karlinn. Hann er góður fjölskyldumaður, faðir og hlustar alltaf. Það er mjög rólegt hérna heima hjá okkur.“ Jaroslava elskar heimilið sitt og á tvo persneska ketti,

Espresso og Cappuccino sem eru góðir félagar hennar.

Skrýtin gifting

Jaroslava og Geiri giftu sig fyrir sjö árum og segir Jaroslava það hafa verið furðulega upplifun að gifta sig á Íslandi. „Giftingin var mjög skrýtin. Systir mín var sú eina úr minni fjölskyldu í brúðkaupinu. Það var mjög gaman en svolítið erfitt. Það var svo mikið af fólki sem ég þekkti ekki. Brúðkaup í Eistlandi eru allt öðruvísi. Þar drekkum við kampavín og brjótum glösin til lukku. En brúðkaupið hérna heima var mjög skemmtilegt líka. Risastór limma kom að sækja okkur.“

Systir Jaroslövu, Anzela, er einnig gift Íslendingi en þau eru búsett í Tælandi. „Við hittumst einu sinni eða tvisvar á ári. Við förum til Tælands í apríl og svo kemur hún til Eistlands í júní. Mamma ferðast einnig mikið. Hún kemur hingað og til

Tælands. Það er alltaf nóg að gera hjá okkur systrunum þegar við hittumst og mér finnst æðislegt að ferðast með fjölskyldunni. En það er stundum aðeins of heitt fyrir mig á Tælandi,“ útskýrir Jaroslava en hún getur ekki hugsað sér að flytja aftur til Eistlands.

„Það væri erfitt að fara til Eistlands og byrja upp á nýtt eftir að hafa búið hér. En ég á eina rosa góða vinkonu sem er líka frá Eistlandi. Það er gott að geta talað við hana svo að maður gleymi ekki tungumálinu sínu. En annars erum við með gistiheimili hérna fyrir stelpur sem koma til landsins. Ég hjálpa þeim að aðlagast. Síni þeim hvar bankinn er eða hvert þær eiga að fara, sérstaklega ef þær eru ekki góðar í ensku. Ég hjálpa þeim með vandamálin sín. Ég er hérna til þess að leiðbeina þeim. Það er erfitt að koma í fyrsta skipti til landsins,“ segir Jaroslava sem þekkir það vel af eigin raun.

Theodóra Elísabet Smáradóttir slær í gegn í hundatískunni

ALVÖRU FÓLK



Öll fjölskyldan Sigurður, Theodóra, Lúlli og Nala.

Pægilegt Lúlli er í rauðri peysu og gallabuxum.



SAUMAÐI POLLAGALLA Á LUKKUTRÖLLIN

Ég hef alltaf haft áhuga á dýrum,“ segir Theodóra Elísabet Smáradóttir en hún á og rekur ásamt kærasta sínum Sigurði Jónssyni Theo Dog Fashion en þau sérhæfa sig í fötum á hunda af öllum stærðum.

„Þetta byrjaði allt saman þegar við eignuðumst hundinn okkar hann Lúlla fyrir slysi,“ Lúlli er chihuahua-hundur. Mamma Theodóru átti hann en gat ekki haldið honum og því tóku Theodóra og Sigurður hann að sér. „Við ætluðum ekki að fá okkur hund en tókum hann að okkur,“ segir Theodóra og það leynir sér ekki að hún sér ekki eftir því.

Saumaði peysu á hann Lúlla

„Ég saumaði á Lúlla peysu því honum var alltaf kalt þegar ég fór með hann út að labba. Fólk var svo farið að stoppa mig úti á götu og spyrja mig hvar ég hefði fengið peysuna og þetta endaði bara svo með því að ég var farin að taka niður pantanir.“ Flijótlega upp frá þessu fór Theodóra á sýningu í Svíþjóð með þau fót sem hún var búin að hanna og sló þar rækilega í gegn. „Við sáum

það eftir þessa sýningu að við hefðum ekki undan að framleiða fötin á Íslandi þannig að í dag eru fötin saumuð erlendis,“ segir hún.

Þetta hefur heldur betur undið upp á sig og í dag framleiða þau fót á allar stærðir hunda og eru farin að selja til flestra landa Evrópu og á Bandaríkjamarkað. Hægt er að fá fötin í Dýraríkinu og löu í Lækjargötu.

Amma kenndi mér að sauma

„Amma kenndi mér að sauma og það fyrsta sem ég saumaði voru pollagallar á lukkutróllin mín. Ég fór upp á spítala og fékk þar svona blár skóhlífar sem maður fær alltaf þegar maður fer inn á spítala og tók nokkrar með mér heim og saumaði svo pollagallana,“ segir Theodóra og hlær.

Theodóra og fyrirtæki hennar Theo Dog Fashion fékk fyrr á þessu ári Nýsköpunarverðlaun Nýsköpunarsjóðs upp á eina milljón króna og ættu verðlaunin að hjálpa þeim Theodóru og Sigurði að byggja upp þetta frumlega og skemmtilega fyrirtæki.



Flottur Lúlli í flauelssmekkbuxum í Burberry-stíl.



Hlýtt Nala í bleikri peysu með loðkraga.



EINI SÚLUSTADURINN Á LANDINU

Goldfinger er eini stúlanustaðurinn á höfuðborgarvæðinu.

Auk glæsilegra kvænna, erum við með mikil úrval vísitögunda, óvæða er höðid upp á annað eina.

Á **Goldfinger**, getur þú gengið að því sínu að hópur gullallegra kvænna frá fjölmörgum höðin-
dum heki fyrir þig hristi síms og skemmti þér á ógleymanlegan hátt.

Komdu á **Goldfinger**, og njóttu þín í furbestu stemningu öll kvöld frá klukkan 20.

GOLDFINGER

Birgir Hilmarsson og Erla Ólafsdóttir bjóða upp á höfuðbeina- og spjaldhryggjar meðferð á stofu sinni í Mosfellsbæ

HEILSAN
LÍKAMINN

HÖFUÐBEINA- OG SPJALDHRYGGJ-ARMEÐFERÐ HEFUR REYNST VEL VIÐ EFTIRFARANDI EINKENNUM:

- Mígreni
- Krónískir háls- og bakverkir
- Heila- og mænuskaðar
- Ördugleikar í stjórnun hreyfinga
- Streita og streitutengd vandamál
- Kjálka- og bitvandamál
- Hryggskekki
- Síþreyta
- Taugavandamál
- Námsörðugleikar
- Ofvirkni
- Vefjagigt
- Áfallsröskun
- Vandamál í ónæmiskerfinu
- Vefjavandamál eftir skurðaðgerð
- Vanlíðan ungbarna



Upledger-stofnunin Yfir 85 þúsund manns í heiminum hafa lært höfuðbeina- og spjaldhryggjar meðferð hjá Upledger-stofnuninni víðsvegar um heiminn.

JAFNVÆGI Á LÍKAMA OG SÁL

Birgir Hilmarsson og Erla Ólafsdóttir Reka saman Upledger-stofnuna á Íslandi.

Höfuðbeina- og spjaldhryggjar meðferð er fyrir alla, unga sem aldna," segir Birgir Hilmarsson nuddfræðingur.

Birgir og Erla Ólafsdóttir sjúkraþjálfari, reka saman Upledger-stofnunina á Íslandi, sem er skóli í höfuðbeina- og spjaldhryggjar meðferð. Þau eru með stofu saman í Mosfellsbæ.

Spennulosun

„Í höfuðbeina- og spjaldhryggjar meðferð er unnið með og losað um spennu og aðrar hindranir í himnakerfi líkamans," segir Erla.

Meðferðin byggir á því að greina hvar orsökinn liggur og losa um hana. „Ef skekkja er á spjaldbeini og það liggur ekki rétt í mjaðmagrind, eða höfuðið liggur ekki rétt á liðflötum efsta hálsliðar, má búast við röngu álagi á himnum sem umlykja mænuna," segir Erla. „Þetta getur valdið áreitni á taugar sem liggja út frá henni og valdið hinum ólíklegustu einkennum hvar sem er í líkamanum." Best er að grípa inn í sem fyrst svo líkaminn ná góðum bata.

Tilfinningalosun

„Stundum er notuð vefræn til-

finningalosun, VTL, sem er sál-líkamleg aðferð sem notuð er til að aðstoða líkamann við að losa um afleiðingar af áföllum og bældum tilfinningum sem þeim tengjast," segir Birgir. „Hún byggir á höfuðbeina- og spjaldhryggjar meðferð, en einnig er beitt samtalstækni. Þegar við lendum í áföllum byrgjum við oft tilfinningarnar í líkama okkar sem síðan valda spennu og stíflum í líkama okkar." Erla bætir því við að það sé hluti af námi hjá Upledger-stofnuninni að meðferðaraðilar læri að vinna með og styðja við fólk þegar tilfinningalegar losanir verða.

Meðferð í vatni

Ásamt því að vinna með viðskiptavini sína á stofunni í Mosfellsbæ vinna þau Erla og Birgir reglulega með fólk í vatni, til dæmis í sundlaugum. „Höfuðbeina- og spjaldhryggjar meðferð er mjög kröftug þegar hún er unnin í vatni," segir Erla. „Í vatni getur líkaminn hreyfst frjálst og óhindrað í þrívídd, þannig að auðveldara er að ná til hindrana sem liggja djúpt inni í líkamanum." Hún segir að vatnið yti bæði undir dýpri losanir á hindrunum í efnislíkama og einnig um losanir á tilfinningum.

Gæðamálning Gott verð



Polytex 7

Ljósir litir

4 lítrar

1.990 kr.

Íslensk gæðamálning með góða hulu,
endingargóð og auðveld í notkun.

Flügger litir

Flügger ehf
Stórhöfða 44
110 Reykjavík
Sími 567 4400

Skeifan 4
Snorrabraut 56
Bæjarlind 6

Dalshraun 13
Hafnargata 90
Austursíða 2

Asturvegur 69
Hlíðarvegur 2-4
Sólbakka 8





TAKTU PRÓFIÐ

STJÓRNA PENINGARNIR SAMBANDI YKKAR?

1. Þú rífst enn einu sinni við maka þinn um peninga. Þetta gerist:

- Alltof oft.
- Mjög sjaldan.
- Nokkrum sinnum í viku.

2. Við ykkur blasir búnski af ógreiddum reikningum. Hvað gerið þið?

- Neyðið ykkur til að vera skipulögð.
- Rífast um hvort ykkar eigi að borga hvað og hvenær.
- Setjist niður og ræðið á rólegu nótunum hvað skuli gera næst.

3. Hver sér um útgjöld heimilisins?

- Það er misjafnt. Stundum þarftu að biðja maka þinn um hjálp.
- Þú sérð algjörlega um þau.
- Þið deilið þeim jafnt á milli ykkar og það er aldrei neitt mál.

4. Þegar þið ræðið peningamál:

- Talið þið algjörlega opinskátt og leynið engu.
- Finnið þið að hvorugt ykkar veit hve miklu hitt eyðir.
- Rífast þið í hvert skipti.

5. Þegar þið gerið matarinnkaupin saman:

- Er það alltaf vel skipulagt og einfalt því þið haldið ykkur við innkaupalistann.
- Er alltaf hætta á rífrildi um hvað eigi að kaupa.
- Það gerist ekki. Þú kaupir aldrei inn með maka þínum því þá mynduð þið skilja.

6. Þú situr við eldhúsborðið og ert að skoða vísareikninginn.

- Þú felur reikninginn svo maki þinn sjái hann ekki.
- Þú ert glöð yfir því hvað maki þinn eyðir litlu.
- Þú hefur smááhuggjur af útgjöldunum.

7. Í sunnudagsbílturnum sérðu fallett hús, glaða krakka og gömul brosandí hjón. Svo ferðu að hugsa um fjárhagslega stöðu ykkar hjóna í framtíðinni. Þú verður:

- Glöð – þið eruð á réttri leið að takmarkinu ykkar.
- Ringluð – þið hafið nú ekki ennþá sett ykkur neitt takmark.
- Stressuð – hvaða fjárhagslegu stöðu í framtíðinni?

8. Þú hefur ákveðið að fara út að borða eða allavega panta mat heim. Það er vegna þess að:

- Allavega annað ykkar filar að leyfa sér eitthvað annað slagíð.
- Ykkur finnst of erfið að plana fram í tímann.
- Þið hafið alveg efni á því.



Rautt

Þú hefur reynslu af því að vinna þig út úr fjárhagsvandræðum. En það er alltaf hægt að gera betur, þú þarft ef til vill að vinna í einhverjum tilfinningum tengdum peningum.

Blátt

Þú myndir frekar þrifa klósettið en tala um peninga. Gefðu þér tíma í að tala um peninga. Láttu peningamálin skipta máli í sambandinu, farðu síðan að tala hreinskilnislega um hvernig eigi að taka á málunum.

Gult

Þú talar um vísareikninginn við tannlækinn þinn. Þú ert opin og gerir þér grein fyrir hvað þú mátt og hvað þú mátt ekki eyða í. Vertu samt varkár og ekki gleyma að þú ert í aðeins annar aðilinn í sambandinu.

Barnaskór í miklu úrvali

-vandaðir, fallegir og á frábæru verði.



Gæða barnaskór

Einnig skór á alla fjölskylduna stærðir uppí 50

Gabor®

camel
active

gr!sport

Light Step
by Gritsport

Ný verslun

XENA

GLÆSIBÆ S: 553 7060

XENA

MJÓDDINNI S: 557 1291

EDDA BJÖRGVINSDÓTTIR

1 Nafnið

„Edda heitir Guðbjörg Edda Björgvinsdóttir. Er skírð og fermð í katólsku kirkjunni.“



2 Dimmalimm

„Fyrsta skipti sem ég steig á leiksvið Þjóðleikhússins var ég á fjórða aldursári. Það var verið að sýna ball-ettinn Dimmalimm og í lokin hrópaði ég: Ekki fara Dimmalimm! og ruddist upp á leiksvið.“

Hvar einhver náði í skottið á telpunni og dró hana niður aftur.“



3 Heimavistin

„Ég er alin upp á heima- vistar skóla fyrir drengi. Það kom nú til af því að Björgvin Magnússon, faðir minn, var skólastjóri á heimavistarskólanum Jaðri í 20 ár.“



4 Skóla- gangan

„Fyrsti skólinn var Ísaksskóli og þar næst fór ég í Vogaskóla og kláraði landspróf þar, með bleikan varalit og túperað hár í útvíð- um terlínboxum og lakkskóm.“

5 Börnin

„Ég á fjögur börn, tvær dætur sem eru komnar á gamalsaldur og tvo drengi sem enn eru til- tölulega ungir og frískir. Það eru 23 ár á milli elsta og yngsta barns.“

6 Röntgen- tæknir

„Eftir einn vetur í Háskóla Íslands lærði ég röntgentækni í eitt ár, hætti svo í Röntgentæknaskól- anum þegar leiklistarnám var í boði.“

7 Syngjandi

„Ég hef sungið inn á plötu (fékk jobbið í gegn um klíku, það er sonurinn Björgvin Franz var að syngja Guttavisur inn á plötuna Óli prik og þá var ákveðið að skella móðurinni í að syngja eitt lag).“



8 Handalaus Vítarni

„Fyrsta hlutverk mitt á fjöllum Þjóðleikhússins var mjög drama- tískt hlutverk, það var lítil stúlka frá Víetnam sem hafði misst báðar hendurnar.“

9 Leynistarfið

„Leynistarf mitt síðastliðin 10 ár hefur verið að þjálfa stjórnendur hinna ýmsu fyrirtækja í að halda kynningar og flytja ræður og einnig hef ég haldið óteljandi námskeið í sjálfsstyrkingu fyrir konur.“

10 Skaupið

„Í ár, 2005, er ég í fyrsta skipti að leikstýra áramótaskaupi Sjón- varpsins eftir að hafa tekið þátt í um það bil 15 áramótakaupum sem leikari og höfundur.“

10 hlutir sem þú vissir ekki um mig...

Edda Björgvinsdóttir segir okkur frá handalausum Víetnami, áramótaskaupi og fleiru.

HÉR & NÚ KROSSGÁTAN

NR.13



	1	2	3		4		5					
				6			7	8				
	9			10		11	12					
	13	14		15		16			17		18	
19				20						21		
22			23		24			25		26		
27			28	29			30	31		32		
	33	34			35		36		37			
38				39		40			41		42	
43	44			45		46			47			
48					49		50	51		52	53	
				54		55			56	57		58
				59				60		61		
				62						63		



LÁRÉTT

- 1 SNJÓR (4)
- 4 PERSÓNUFORNAFN (3)
- 7 KUSK (2)
- 9 Í RÖÐ (2)
- 10 STÓRFLJÓT (3)
- 12 RYKKORN (2)
- 13 SJÓÐA (6)
- 16 ÖGN (3)
- 17 ÓHÓF (4)
- 19 TALA (3)
- 20 SKIPAÐ NIÐUR (5)
- 21 ÓREIÐA (2)
- 22 VIÐAVANGUR (4)
- 24 SUSS (3)

- 25 EINS (5)
- 27 MÁLMUR (2)
- 28 KOPAR (3)
- 30 TRAUST (3)
- 32 STÖK (3)
- 33 EÐLI (6)
- 36 ÓSKIPULAG (4)
- 38 KALL (4)
- 39 TRÖLL (4)
- 41 SPAUG (4)
- 43 SKRÆLNA (5)
- 46 GÆFULAUS (7)
- 48 KIRTILL (6)
- 50 TRAUST (3)
- 52 GAGN (3)

- 54 HÆÐ (5)
- 56 Á FÆTI (2)
- 58 LEITA AÐ (2)
- 60 HÁ BYGGING (4)
- 62 AFREK (7)
- 63 ÞVOTTAEFNI (4)

LÓÐRÉTT

- 1 FÁLMA (4)
- 2 NR. TVÓ (5)
- 3 ÓNEFNDUR (2)
- 4 DAFNA (7)


- 5 ÍLÁT (4)
- 6 YNDIS (5)
- 8 HEILL (5)
- 11 HÓPUR (3)
- 13 FJALLVEGUR (6)
- 14 PÍPA (3)
- 15 SKORDÝR (6)
- 18 ÞRÚTNUN (6)
- 19 LÍTIL (3)
- 23 KAPP (6)
- 25 MÆLIEINING (3)
- 26 SNYRTING (6)
- 29 Á FÆTI (2)
- 31 KYRRDIN (4)
- 34 STAUR (4)

- 35 GLJÚFUR (3)
- 37 SIÐA (3)
- 38 HVERSU (3)
- 40 SAMBYKKI (4)
- 42 INNSOG (4)
- 44 TVEIR EINS (2)
- 45 HEILIR (5)
- 47 SÁPA (5)
- 49 STAÐSETNING (4)
- 51 FUGL (4)
- 53 TAUGA (4)
- 55 UTAN (3)
- 57 TÍMABÍLS (3)
- 59 DREIFA (2)
- 61 KOMAST (2)

hér&nú

STÚLKAN
Auður Rán
Kristjánsdóttir
21 árs

Auður Rán Kristjánsdóttir er 21 árs og vinnur í Skóverslun Steinars Waage. „Svo er ég líka í Ferðamálastólaskóla Íslands sem er alveg frábært. Þetta er 6 mánaða nám og ég stefni á þetta í framtíðinni,“ segir Auður Rán sem hefur gaman af því að ferðast. „Ég hef nú ekkert komið til sérstaklega margra landa en hef ferðast töluvert innanlands.“ Auður hefur einnig mikinn áhuga á íþróttum og er mikið að lyfta eins og er. „Ég er nú bara farin að hlakka ágætlega mikið til jólanna og ætla að borða hamborgarahrygg eins og venjulega.“



Listagalleríið er opið á www.ils.is

Níu ára listamenn af öllu landinu sýna í listagalleríinu afraksturinn úr myndasamkeppninni „Draumahúsið“ sem **Íbúðalánasjóður** stóð fyrir í tilefni afmælisins **Húsnæðislán í 50 ár**.

Á vefnum **www.ils.is** má einnig finna myndir frá afhendingu verðlauna í myndasamkeppninni og ljósmyndasýningu sem sýnir þróun húsnæðismála síðastliðin 50 ár.

Íbúðalánasjóður fyrir alla

www.ils.is

Borgartúni 21

105 Reykjavík

Sími: 569 6900 - 800 6969

Fax: 569 6800



Fæst án
lyfseðils

NOVARTIS
CONSUMER HEALTH



Við vöðva- og liðverkjum



VoltarenEmulgel®

Díklófenak tvíetýlamín 11,6 mg/g

Fæst án
lyfseðils

NOVARTIS
CONSUMER HEALTH



Fljótvirkt verkjalyf
m.a. við tíðaverkjum
Inniheldur engin ávanabindandi efni



VoltarenDolo®

Díklófenak-K 12,5 mg

ARMARSON.TK · DOL-001-210205

Voltaren Dolo® (díklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpinu og tíðapratum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugamarsár eða skerta lífrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalísýru, íbuprofén eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leiðið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

SOFÐU VEL UM JÓLIN



Jólagjöf fylgir hverri heilsudýnu

Svefn & heilsa



www.svefn.is

ATH!

Vaxtalaus greiðslukjör í 12 mánuði.



Chiropractic®



Jólatilboð

Signature Queen kr. 119.900.- stgr.


Sú besta

samkvæmt stærstu samtökum kiropraktora í heimi

IQ-CARE

HEILSUDÝNUR

EINSTÖK ÞRÝSITJÖFNUN
RÉTTUR STUÐNINGUR



Jólatilboð

Queen stærð

kr. 119.900.- stgr.

Gerðu samanburð

iq-care.com

Nýr fjölstillanlegur Wallhugger



Jólatilboð Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu 2x 90 x 200 cm. kr. 299.900.- stgr.

Mest selda stillanlega rúmið

Frábær reynsla



BIFLEX

Jólatilboð Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu 2x 90 x 200 cm. kr. 199.900.- stgr.

Konfektikassi fylgir hverjum heilsukodda



IQ-CARE HEILSUKODDAR

Large kr. 7.490.- stgr.
Medium kr. 6.990.- stgr.
Small kr. 5.990.- stgr.

Vinsælasta jólagjöfin

Amerískar heilsudýnur

SLEEP & HEALTH



Jólatilboð Royalty Queen kr. 99.900.- stgr.

Sleep Series



Jólatilboð Euro 120x200 59.900.- stgr.
Queen 153x200 69.900.- stgr.




Leður Hægindastólar

Kr. 54.000.- stgr.



Svefn sófar

Verð frá kr. 79.900.- stgr.



Úrval af húsgögnum



Úrval af teppasettum Damask Sænguverasett Hágæða dúnsængur ofl.

Frí heimsending á heilsudýnum á stór-Reykjavíkursvæðinu og Akureyri

Lísthúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150

Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 15:00

